


skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




## Innrásin frá Hollywood

*Fjölmargar stórstjörnur hafa hlutverk í myndunum sem teknar verðar upp hér á landi á næstunni.*

**bíó** 20




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
17. júlí 2012
166. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Ung list á LungA

*Berglind Sunna segir þrettándu LungA-hátíðina fjölmenna og alþjóðlega.*

**tímamót** 16

## Ljóðasamkeppni fyrir útigangsmenn

*Alma Rut safnar ljóðum útigangsmanna fyrir bók sem kemur út í haust.*

**popp** 26



## Óláníð eltir Grindavík

*Ingimundur Níels Óskarsson tryggði Fylki sigur á vængbrotnu liði Grindvíkinga.*

**sport** 22

**veðrið í dag**




**SKÚRIR SÍÐDEGIS** Í dag verður víðast hæg, breytileg átt og bjart með köflum en horfur á síðdegisskúrum S- og V-til. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4



**SKYGGNST OFAN Í LAUGINA** Framlag Íslands til heimssýningarinnar í Sjanghæ árið 2010 hefur í sumar verið gestum og gangandi til sýnis í Hörpu. Í skálanum er sýnd listræn 360 gráðu kvikmynd um náttúru og mannlíf landsins við tónlist Hilmars Arnar Hilmarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óttast verðfall hjá strandveiðimönnum

**Margir strandveiðimenn eru ósáttir við að vera stefnt til veiða dagana fyrir verslunarmannahelgi. Fiskvinnslur loka og lítil eftirspurn eftir aflanum. Strandveiðimenn geta sjálfir ákveðið að fresta veiðum segir talsmaður smábátaeigenda.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Strandveiðimenn eru margir ósáttir við að vera stefnt til veiða dagana fyrir verslunarmannahelgi, og óttast að eftirspurn eftir aflanum verði lítil sem engin og verðið eftir því.

Strandveiðum í júlí er lokið, en þær hefjast á ný miðvikudaginn 1. ágúst, þremur dögum fyrir verslunarmannahelgi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fjölmargir strandveiðimenn komið óánægju sinni með þetta á framfæri við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Samkvæmt reglugerð ber ráðherra að stöðva strandveiðar þegar heildarafla er náð. Hann klárast því yfirleitt á fáum dögum og þeir sem sitja í landi á meðan aðrir róa eiga á hættu að kollegarnir klári kvótann.

„Það er hætt við að eftirspurnin eftir aflanum verði takmörkuð,“ segir Páll Ingólfsson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Íslands. Stærstu fiskvinnslurnar sem oftast kaupa mestan hluta

> Það er eins og annað með kjarkleysi ráðuneytisins, þeir þora það ekki.
>
> PÁLL INGÓLFSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI FISKMARKAÐS ÍSLANDS

aflans verða lokaðar um verslunarmannahelgina, og ljóst að þær munu ekki bítast um nýveiddan þorskinn rétt fyrir helgina.

„Ég er búinn að vera að reyna hvað ég get við ráðuneytið í samráði við fleiri um að sleppa þessum dögum fyrir verslunarmannahelgi og byrja strandveiðarnar 7. ágúst,“ segir Páll.

Hann fékk þau svör frá ráðuneytinu á föstudaginn að ekki væri hægt að hnika til dögunum, enda engin heimild til þess í lögum. „Það er eins og annað með kjarkleysi ráðuneytisins, þeir þora það ekki,“ segir Páll. Enga heimild er að finna í lögum og reglugerð um strandveiðarnar til að færa til daga, nema þegar þeir hitta á almenna frídaga.

„Við spyrjum okkur hvað verður um aflann, ef við tökum inn hundruð tonna á uppboð og enginn mætir til að bjóða í. Ef fiskurinn selst ekki ber okkur að eyða honum,“ segir Páll. Hann segir þó líklegra að einhverjar minni fiskvinnslur sjái sér leik á borði að kaupa fiskinn á afar lágu verði.

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, segist ekki hlynntur því að ráðuneytið ákveði að banna veiðar dagana fyrir verslunarmannahelgi og segir það frekar sjómannanna sjálfra að bindast samtökum um að veiða ekki þessa daga.

„Menn hafa eitthvað rætt sín á milli að róa ekki fyrr en 10. ágúst en ég veit ekki til þess að hreyfing sé að komast á að ná slíku samkomulagi,“ segir Arthur.

Hann hvetur sjómenn til að funda í sínum félögum og reyna að ná slíku samkomulagi, öllum til hagsbóta. **- bj**

Spilar í komandi tónleikaferð:

## Nýr Kjartan með Sigur Rós

**POPP** Kjartan Dagur Holm er ungur tónlistarmaður sem fyllir skarð Kjartans Sveinssonar og heldur í tónleikaferð með Sigur Rós á sunnudaginn. Nafni hans tilkynnti í maí að hann væri ekki endanlega hættur í hljómsveitinni en myndi ekki fara í túrinn. Kjartan hinn nýi segist þekkja lögin vel enda mikill aðdáandi og bróðir Georgs Holm, bassaleikara sveitarinnar.



KJARTAN DAGUR HOLM

**- hþt /** **sjá síðu 26**










## SPURNING DAGSINS



*Jónas, verða menn ekki gönguleiðir á þessu?*

Nei, nei, en þeir verða reyndar mjög leiðarvísir.

Jónas Guðmundsson setti nýverið á laggirnar vefinn gonguleidir.is. Á honum er að finna lýsingar á 250 leiðum um land allt.

Írar hafa krafist þess að Evrópusambandið beiti Íslendinga refsiaðgerðum vegna makrílveiða:

# Krafa Íra kann að spilla fyrir viðræðum

**STJÓRNMÁL** Krafa Íra um refsiaðgerðir vegna makrílveiða Íslendinga gerir ekkert annað en að spilla fyrir viðræðunum um lausn makríldeilunnar. Þetta kom fram í máli Steingríms J. Sigfússonar í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Makríldeilan var rædd á fundi landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar ráðherraráðs Evrópusambandsins í gær. Þar kröfðust Írar þess að Íslendingar verði beittir refsiaðgerðum vegna veiðanna. Telja Írar meðal annars að makrílstofninn hafi minnkað við Íslandsstrendur og því eigi að draga enn meira úr hlut Íslendinga í makrílnum en hingað til hefur verið rætt um.

„Ég var nú búinn að sjá þessa greinargerð Íranna, hún er mjög áróðurskennd,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og bætir við: „Þar er því haldið fram að það liggi eitthvað fyrir að makríllinn sé að ganga í minna mæli á Íslandsmiði í ár eða undanfarin ár. Það eru hreinar getgátur. Þvert á móti þá er vaðandi makríll hér suðaustan, sunnan og einkum vestan við landið og virðist vera mjög víða hér vestur af núna.“



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Þá telur Steingrímur heldur ekki horfa vænlega um lausn deilunnar ef Evrópusambandið og Noregur ætla að bjóða Íslendingum minni makrílkvóta en áður hefur verið talað um. Þá telur hann kröfu Íra um að refsiaðgerðum verði beitt gegn Íslendingum ekki hjálpa til við lausn deilunnar.

„Þetta er bara deila sem fyrst og fremst þarf að ræða og reyna að leysa við samningaborðið á efnislegum forsendum þar. Ég held það geri ekkert annað en að spilla fyrir að tala um refsiaðgerðir eða einhvern pólitískan þrýsting,“ segir Steingrímur. **- lvp**



**SLÖKKT** Slökkvilið Vestmannaeyja slökkti eldinn á Eiðinu í gær.

MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Eldsupptök ókunn í Eyjum:

## Botnvörpur brunnu

**BRUNI** Eldur kom upp í botnvörpum og öðrum veiðarfærum sem lágu á Eiðinu á milli Heimakletts og Klifs í Vestmannaeyjum í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Vestmannaeyjum barst tilkynning um sexleytið í gær um að þarna logaði eldur. Slökkviliðið kom og slökkti eldinn en ekki er vitað um eldsupptök að svo stöddu. Málið er enn í rannsókn. Lögregla segir að gera megi ráð fyrir að hluti þessara veiðarfæra sé ónýtur og að um sé að ræða töluvert tjón.

Mikið hefur verið rætt um íkveikjur í Vestmannaeyjum undanfarið en lögreglan segir að ómögulegt sé að segja til um eldsupptök að svo stöddu. Svæðið sé þó opið og þangað komist hver sem vill. **- bþh**

# Rakararnir komast vel af í Kópavogi

**Rakarastofur hafa margar þurft að láta í minni pokann fyrir nýjustu tískustraumum. Í Kópavogi er þó rúmlega hálfrar aldar gömul rakarastofa við hlið annarrar rótgróinnar. Þar blífa gamlar hefðir og gömul skilgreining á orðinu samkeppni.**

**MANNLÍF** Rakarastofur hafa átt undir högg að sækja síðustu áratugi enda margar búnar að týna tölunni. Þó virðist vera öruggt vígi þeirra í gamla miðbæ Kópavogs því þar gera tvær rakarastofur það gott, þótt þær séu hvor nánast í túnfætinum hjá hinni. Þetta eru rakarastofurnar Herramenn, sem er rúmlega hálfrar aldar gömul, og svo Rakarinn í Sevilla, sem reyndar er í Hamraborg í Kópavogi, en hún er 35 ára.

En hvernig skyldi vera með samkeppnina þar sem svo stutt er á milli þessara rótgrónu rakarastofa?

„Samkeppni hvað?“ spyr Gauti Torfason á Herramönnum á móti. „Hvar heldur þú að Stefán, rakari í Sevilla, láti klippa sig?“ Þar með er það útrætt.

Eflaust þykir það heillavænlegast fyrir fyrirtæki sem vilja komast af í harðri viðskiptaveröld að fylgja nýjustu tískuvindum en rakararnir í Kópavogi sýna fram á að gamlar hefðir og gildi geta líka fleytt fyrirtækjum áfram.

Til dæmis er boðið upp á rakstur með gamla laginu hjá báðum þessum rakarastofum. „Við notum hníf eins og í gamla daga,“ segir Gauti.

„Stundum erum við spurðir hvort við viljum ekki nota sköfu en þá svörum við því til að menn geti bara gert það heima hjá sér.“ Gauti hefur ekki látið undir höfuð leggjast að kenna syni sínum, Andra, handbragðið. Þar með er búið að skila því í þriðja lið en Torfi Guðbjörnsson, faðir Gauta og upphafsmaður Herramanna,



**Í VÍGI RAKARA Í KÓPAVOGI** Nokkur samgangur er á milli rótgrónu rakaranna í gamla miðbæ Kópavogs. Hér tekur Stefán á móti þeim Andra og Gauta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Hvar heldur þú að Stefán, rakari í Sevilla, láti klippa sig?
>
> **GAUTI TORFASON**
> RAKARI HJÁ HERRAMÖNNUM

var þekktur fyrir þetta hefðbundna vinnulag.

Gauti segir marga finna til sín þegar þeir eru rakaðir með þessum hætti. „Þetta er orðið svona dekur, stundum koma brúðgumar til okkar og fá þá allan pakkann, rakstur, klippingu og snyrtingu, og eru svo aldeilis með hollninguna í lagi þegar þeir fara út.“

Stefán Ragnar Jónsson var lengi vel ekkert að láta bankana ana sér út í nýjungarnar en hann er nýkominn með posa. „Ég ætlaði nú bara að fá hjá þeim svona gamla pressu en þeir eru víst ekki með hana lengur svo þeir létu mig hafa posa,“ segir hann.

Eins og gefur að skilja er oft mikið skrafað á rakarastofunum og áður komu sveitarstjórnarmenn þar við þegar þeir vildu vita hvernig hinir pólitísku vindar blésu. „Hann Sigurður heitinn Geirdal, fyrrverandi bæjarstjóri, kom stundum á kosningadag,“ segir Stefán. „Þá rak hann inn nefið og spurði „hvernig er staðan, Stebbi?““

Gauti segir að eftir að sonur hans fór að vinna með honum hafi kúnnahópurinn farið að yngjast. „Já, sá yngsti sem kemur er smábarn en sá elsti er 103 ára, hann hefur reyndar ekki komið í nokkurn tíma karlinn.“ **jse@frettabladid.is**

## Lést í slysi í Vatnsskarði

**Maðurinn sem lést í umferðarslysi á laugardag hét Björgvin Smári Jónatansson. Hann var 62 ára gamall og búsettur á Akureyri.**

**Hann lenti utan vegar þegar hann ók bifreið sinni um Vatnsskarð. Bifreiðin valt ekki við slysið en Björgvin Smári var úrskurðaður látinn á slysstað. Hann var einn í bílnum.**

**Ekki er vitað hvernig slysið bar að en lögregla vinnur enn að rannsókn málsins.**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Skólinn hefur þurft að skera niður í rekstri sínum í kjölfar efnahagsþrenginga.

Segja jafnrétti til náms ógnað:

## Stúdentar hafa miklar áhyggjur

**STJÓRNSÝSLA** Stúdentaráð Háskóla Íslands fer í opnu bréfi til ríkisstjórnarinnar fram á að stjórnvöld borgi með hverjum nemanda sem kýs að stunda nám við skólann. Bréfið barst stjórnarráðinu í gær.

Þar segir að Stúdentaráð hafi þungar áhyggjur af fjármálum háskólans sem hefur skorið reksturinn niður um 20 prósent síðan árið 2009. Í bréfinu er jafnframt bent á að HÍ sé eini háskólinn á landinu sem fær ekki greitt með öllu nemendum sínum.

Stúdentaráð segir að ef ekki verði brugðist við þessari stöðu í næstu fjárlögum þurfi að setja strangar fjöldatakmarkanir í deildir skólans. Það muni hafa bein áhrif á jafnrétti allra til náms. **- bþh**

## HEILBRIGÐISMÁL

### Fyrsta lyfið við alnæmi

Truvada er fyrsta lyfið gegn alnæmi sem kemst á markað í Bandaríkjunum. Bandaríska lyfjaeftirlitið hefur nú leyft Truvada en alnæmissamtök þar í landi hafa gagnrýnt það og segja það ekki duga eitt og sér sem vörn gegn sjúkdómnum. Einnig segja þau lyfið leiða til aukins kæruleysis í kynlífi sem muni auka líkurnar á smiti.


**Travel John ferðaklósett leysa málið**

Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.



Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum **Lyfju** og **Lyf og heilsu apótekum.**

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Móhellu 2, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

TravelJohn


Alþingi staðfesti dagsetningu á atkvæðagreiðslu um stjórnlagaráðstillögur:

# Óvissa um þjóðaratkvæðagreiðslu

**STJÓRNSÝSLA** Enn er óvíst hvernig þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs verður háttað. Innanríkisráðuneytið hefur óskað eftir skýrari fyrirmælum frá Alþingi um dagsetningu kjördagsins.

Samkvæmt þingsályktun Alþingis um atkvæðagreiðsluna skal hún fara fram „eigi síðar“ en 20. október. Þann 6. júlí sendi innanríkisráðuneytið forsætisnefnd Alþingis hins vegar bréf þar sem óskað var eftir staðfestingu á því hvort 20. október yrði kjördagur.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, svaraði bréfinu síðasta föstudag. Í svarinu kom fram að forsætisnefnd væri ekki bær til að staðfesta vilja eða áform Alþingis. Síðar í bréfinu sagði að forseti liti því svo á að meðan ekki lægi fyrir önnur ákvörðun Alþingis um kjördag bæri að haga undirbúningi atkvæðagreiðslunnar samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðun þingsins, það er að hún færi fram eigi síðar en 20. október.

Alþingi lauk störfum fyrir sumarleyfi 19. júní og kemur ekki saman aftur fyrr en 11. september, að óbreyttu. Sigurður Líndal, prófessor emeritus í lögum, benti hins vegar á í samtali við Morgunblaðið á laugardag að lögum samkvæmt verði að líða þrír mánuðir frá því að Alþingi ákveður kjördag og þangað til atkvæðagreiðsla er haldin. Því verði Alþingi að staðfesta kjördaginn 20. október í síðasta lagi á föstudag.

Bæjarstjórnir Garðabæjar og Álftaness skilja það svo að kjördagur sé 20. október. Alltént hafa þær samþykkt að þá skuli fara fram atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaganna, samhliða atkvæðagreiðslunni um tillögur stjórnlagaráðs. **- mþl**

### Orðalag svipað í lögum um stjórnlagaþing

Síðasta þjóðaratkvæðagreiðsla sem Alþingi samþykkti að skyldi fara fram hér á landi byggði á lögum um stjórnlagaþing sem samþykkt voru 16. júní árið 2010. Í lögunum var að finna ákvæði þess efnis að forseti Alþingis skyldi ákveða kjördag í samráði við stjórnlaganefnd og dómsmálaráðherra. Þá skyldi kosningin fara fram eigi síðar en 30. nóvember 2010. Síðar var ákveðið að kosningin skyldi fara fram 27. nóvember. Áréttað skal að í þessu tilfelli var um lög að ræða en boðuð þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs byggir á þingsályktunartillögu.





ENNEMM / SÍA / NM53493

**Netið í símann er ódýrara en þú heldur**



**Samsung Galaxy SIII**
Sá allra flottasti er lentur

7.990 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Netið í símanum í 6 mán fylgir. Allt að 1 GB.
134.900 kr. stgr.



**Samsung Galaxy SII**
Vinsælasti Galaxy snjallsíminn í dag

5.490 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Netið í símanum í 6 mán fylgir. Allt að 1 GB.
89.900 kr. stgr.

300 MB — Mánaðarverð 490 kr.

1 GB — Mánaðarverð 1.090 kr.

3 GB — Mánaðarverð 1.690 kr.

Vertu klár á netnotkun þinni með **Gagnamæli Símans**

Þú getur á einfaldan hátt fylgst með því hversu mikið gagnamagn þú notar á netinu í símanum með Gagnamæli Símans eða á m.siminn.is.

Skannaðu kóðann og fáðu Gagnamælinn í símann.

*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mánaðargjald.

siminn.is I #meiraisland

Síminn

## GENGIÐ 16.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,73 | 129,35 |
| Sterlingspund | 199,99 | 200,97 |
| Evra | 156,82 | 157,7 |
| Dönsk króna | 21,076 | 21,2 |
| Norsk króna | 21,025 | 21,149 |
| Sænsk króna | 18,19 | 18,296 |
| Japanskt jen | 1,629 | 1,6386 |
| SDR | | 194,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,966

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Annie Mist Þórisdóttir heimsmethafi í Crossfit vill vera kjörgeng í vali á íþróttamanni ársins:

# ÍSÍ viðurkennir ekki Crossfit sem íþrótt

**FÓLK** Annie Mist Þórisdóttir sigraði á heimsleikunum í Crossfit í Los Angeles í Bandaríkjunum annað árið í röð á sunnudaginn. Það hefur engum tekist áður en með sigrinum hlýtur hún titilinn hraustasta kona á jörðu.

„Þetta var öðruvísi en í fyrra. Sérstaklega af því að mótið byrjaði á miðvikudegi en ekki föstudegi," segir Annie Mist. „Við fengum að vita það á mánudegi að það væri þríþraut á miðvikudeginum."

Mótinu lauk á sunnudag á leikvanginum í Carson City en þar þurftu keppendur að standa úti á vellinum í brennandi Kaliforníusólinni á meðan þeir biðu eftir að aðrir luku æfingunum sem settar voru fyrir.

Þrjár íslenskar konur tóku þátt í leikunum. Þær Katrín Tanja Davíðsdóttir og Þuríður Erla Helgadóttir kepptu þar einnig og urðu í 30. og 35. sæti af 43 keppendum í einstaklingskeppni kvenna. Númi Snær Katrínarson keppti í karlaflokki og varð í 24. sæti af 45 keppendum.



**Á MÖGULEIKA** Annie Mist segist vera í ÍSÍ, taka öll lyfjapróf og vill koma til greina sem íþróttamaður ársins.

Crossfit er ekki viðurkennd íþróttagrein innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og árangur Annieár Mistar á heimsleikunum verður því ekki með í kjöri til íþróttamanns ársins.

Sigurður Elvar Þórólfsson, formaður Samtaka íþróttafréttamanna, segir ástæðuna vera einfalda. „Árið 2007 var reglunum um kjörið breytt. Fyrir þann tíma gat hver sem er orðið íþróttamaður ársins jafnvel þótt sá væri ekki innan ÍSÍ. Reglurnar voru hertar og rammi settur utan um kjörið. Rauði þráðurinn í þessu er að Crossfit er ekki skilgreint sem íþrótt."

Annie Mist segist hins vegar eiga möguleika á að hljóta titilinn. „Íþróttafréttaritarar ákváðu í fyrra að ég yrði ekki valin," segir Annie Mist. „Ég er í ÍSÍ í gegnum Lyftingasambandið, er að fara í öll lyfjapróf sem allir innan sambandsins fara í og ætti að vera kjörgeng í valið um íþróttamann ársins." **- bþh**

Vilja upplýsingar um makríl:

## Skoða dreifingu hér við land

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun kallar eftir aðstoð frá sjómönnum og almenningi vegna rannsóknar á dreifingu makríls við strendur landsins.

Á vef Hafró kemur fram að makríll virðist hafa gengið snemma upp að landinu í ár, en með töluvert öðru móti en síðustu ár. Almenningur og sjómenn eru hvattir til að hringja og gefa upplýsingar um veiði, hvort sem er af skipum eða frá ströndum landsins. **- bj**



**DAUÐAHAFIÐ** Sprungur soga til sín jarðveg og hafa gleypt vegbúta og önnur mannvirki. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Yfirborðið lækkar árlega:

## Dauðahafið er við dauðans dyr

**NÁTTÚRA** Dauðahafið mun brátt bera nafn með rentu. Yfirborð hafsins lækkar um rúmlega metra á hverju ári. Höfuðástæðan er sögð vera að vatni úr ánni Jórdan hefur verið veitt annað, en áin er ein aðalaðrennslisæð hafsins.

Allt í kringum Dauðahafið hafa nú myndast sprungur í jarðveginn og hafa tré, girðingar og jafnvel hlutar af gatnakerfinu horfið ofan í þær.

Hugmyndir hafa verið uppi um að leiða vatn úr Rauðahafinu í Dauðahafið til að bjarga því. Sú leið er umdeild, enda dýr og myndi leiða til enn frekara jarðrasks. **- ktg**

# Vinnulag Gunnlaugs ekki til fyrirmyndar

**Vinnueftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð Gunnlaugs Helgasonar í þáttunum Gulli byggir. Gunnlaugur segist reyna að varpa réttu ljósi á venjuleg vinnubrögð Íslendinga og þátturinn sé íslenskur raunveruleikaþáttur.**

**EFTIRLIT** Vinnueftirlitið hefur gert alvarlegar athugasemdir við vinnulag í sjónvarpsþáttunum Gulli byggir sem sýndir eru á RÚV. Vinnueftirlitinu þykja aðferðir þáttastjórnandans oft og tíðum stórhættulegar og bendir á að einföldum vinnureglum á byggingasvæði sé ekki fullnægt.

Þættinum stjórnar Gunnlaugur Helgason, húsasmíðameistari og leikari. Hann segir athugasemdir Vinnueftirlitsins eiga rétt á sér enda reyni hann í þáttunum að endurspegla vinnubrögð íslenskra iðnaðarmanna sem hann segir að séu stundum glæfraleg.

„Þessi þáttur er pínulítill íslenskur raunveruleikaþáttur og fjallar um hlutina eins og þeir eru," segir Gunnlaugur. „Það er svo gaman að þessu því það hefur aldrei verið neitt í sjónvarpinu sem fjallar um byggingar eða lagfæringar á húsum. Svo loksins þegar það gerist þá dúkkar þetta allt upp."

Gulli tekur þessari gagnrýni fagnandi og bendir á að margt megi betur fara í vinnubrögðum iðnaðarmanna á Íslandi. „Þetta er þáttur um hlutina eins og þeir eru en ekki um hlutina eins og þeir ættu að vera. Ég er búinn að tala um það fjórum eða fimm sinnum að fólk eigi að nota öryggisbúnað."

Í athugasemd Vinnueftirlitsins er það meðal annars gagnrýnt að þáttastjórnandinn hafi unnið á þaki húss án þess að hafa nokkra fallvörn. Í einu tilviki lá við slysi þar sem hann var nærri dottinn. Þá er bent á glæfraleg vinnubrögð




**GULLI BYGGIR** Vinnueftirlitið er ekki sátt við þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í þáttum Gunnlaugs Helgasonar á RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Ég hef orðið vitni að meiri glannaskap en þessu.
>
> **GUNNLAUGUR HELGASON** SJÓNVARPSMAÐUR

þegar mænisás var hífður þannig að fólk stóð undir. Það sama má segja um þegar burðarbita var lyft þannig að mikið ójafnvægi var á honum. Starfsmenn hafi svo nýtt handafl langt yfir höfuðhæð sinni svo veruleg hrun- og fallhætta skapaðist.

Fleira er tínt til, svo sem eins og röng notkun stiga, lítil notkun á öryggishjálmum og annað slíkt.

Gulli bendir á að það sé hlutverk Vinnueftirlitsins að gera athugasemdir við þessa hluti en hann segist ekki alveg sammála öllu því sem fram kemur í athugasemdinni. „Þetta er bara hið besta mál því það er aldrei of varlega farið. Þetta er allt saman gott og gilt," segir Gulli. „Ég er kannski ekki endilega sammála öllu því sem stendur í athugasemdinni en það er örugglega hægt að skoða þetta og setja út á vinnubrögðin."

„Það er kannski erfitt að orða þetta svona, að það sé meiri glannaskapur en gengur og gerist," segir Gulli. „Hann er raunar rosalegur oft. Ég hef orðið vitni að meiri glannaskap en þessu." **birgirh@frettabladid.is**




**BAKA TIL VIÐ LAUGAVEG** Konan fannst illa til reika í portinu á sunnudagsmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fjórir menn yfirheyrðir:

## Kona fannst illa til reika í porti

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn voru handteknir og yfirheyrðir á sunnudag vegna gruns um að þeir hafi beitt konu kynferðislegu ofbeldi aðfaranótt sunnudagsins.

Þolandinn, sem er kona, fannst nakinn og illa til reika í porti fyrir aftan Kjörgarð við Laugaveg á sunnudagsmorgun. Konan var flutt á bráðamóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis.

Lögreglan sleppti mönnunum fjórum að loknum yfirheyrslum á sunnudagskvöld. Þeir eru allir um þrítugt og munu ekki hafa komið við sögu lögreglu áður.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, varðist í gær fregna af málinu og sagði rannsókn standa yfir. Konan hafði ekki kært árásina í gær. **- bþh**

**REYKJAVÍKURBORG**

### Sláttur samkvæmt áætlun

Grassláttur gengur samkvæmt áætlun í Reykjavík, að því er segir í tilkynningu frá framkvæmda- og eignasviði. Þar segir að stöðugt sé unnið að því að bæta verklag við sláttinn. Íbúar geta sett inn athugasemdir á slóðina www.reykjavik.is/borgarland. Sláttutímabilið er frá 25. maí til 20. ágúst.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTA Í VÆNDUM**
Margir munu eflaust fagna vætu morgundagsins, en horfur eru á rigningu norðvestantil á landinu seint í kvöld eða nótt. Sóldýrkendur geta þó glaðst yfir því að það mun líklega rofa eitthvað til á milli skúra og verður áfram mjög milt í veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 23° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 34° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 21° |
| París | 24° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




ÍSÖLD 4 HEIMSÁLFUHOPP

Komdu og reynsluaktu 308SW fimm stjörnu fjölskyldubifreið, þar sem fjölbreytnin og er allsráðandi. Glerþak, borð aftan á sætisbökum framsæta og fjölstillanleg og færanleg aftursætin eru dæmi um hversu fjölskylduvæn bifreið 308SW er. Rúmgott farangursrými sér til þess að allt komist með án þess að fórna rými farþega.

Þeir sem reynsluaka **Peugeot 308SW** geta unnið miða fyrir fjölskylduna á myndina **Ísöld 4 - Heimsálfuhopp***

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

1962 - 2012 50 ára

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

VR 2012

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að borgin eigi að kaupa Perluna og leigja ríkinu undir náttúruminjasafn?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 42,4% |
| NEI | 57,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þekkir þú einstakling sem þjáist af netfíkn?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Meirihluti allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis fjallar um fjölmiðlafrumvarp:

# Á móti banni á umfjöllun um kannanir

**STJÓRNMÁL** Meirihluti allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis leggst gegn því að fjölmiðlum verði bannað að birta niðurstöður skoðanakannana á kjördag og daginn fyrir kosningar hér á landi.

Ákvæði þess efnis er að finna í frumvarpi Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, um breytingar á lögum um fjölmiðla. Fyrstu umræðu um frumvarpið lauk í lok mars en það var síðan tekið til umfjöllunar í nefndinni.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Álit meirihluta nefndarinnar á frumvarpinu sem og breytingartillögur meirihlutans voru birtar í byrjun síðasta mánaðar.

Í greinargerð með frumvarpi Katrínar kom fram að þau sjónarmið lægju að baki ákvæðinu að skoðanakannanir gætu verið skoðanamyndandi fyrir kjósendur og skaðað minni framboð.

Í rökstuðningi meirihluta nefndarinnar fyrir afstöðu sinni er hins vegar bent á að þrátt fyrir lögfestingu ákvæðisins yrði ekki komið í veg fyrir að niðurstöður kannana spyrðust út með öðrum hætti en með milligöngu fjölmiðla. Því telur meirihlutinn að ákvæðið þarfnist nánari skoðunar og leggur til að það falli á brott.

Loks er þeirri tillögu beint til ráðherra að hann skipi nefnd sem skuli móta tillögur að reglum um umfjöllun fjölmiðla um kosningar. - mþl

Óvenjulegt mál í Þorlákshöfn:

## Börðu hvort annað og kærðu

**LÖGREGLUMÁL** Karl og kona á tvítugsaldri kærðu hvort annað fyrir líkamsárás um helgina. Tildrög voru með þeim hætti að aðfaranótt sunnudags hafði karlmaðurinn verið að áreita konuna.

Að sögn lögreglu á Selfossi hleypti maðurinn lofti úr hjólbarða á bíl konunnar og pissaði á hann. Konunni var mjög misboðið og sparkaði í höfuð karlsins sem launaði fyrir með hnefahöggi í andlit konunnar. Bæði hlutu minni háttar áverka. - jhh

Hjallastefnan á unglingastigi:

## Margrét Pála til Tálknafjarðar

**MENNTAMÁL** Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar, hefur verið ráðin skólastjóri Tálknafjarðarskóla, sem er sameinaður leik-, grunn- og tónlistarskóli Tálknafjarðar. Ríflega sjötíu nemendur stunda nám við skólann. Margrét Pála hefur störf um næstu mánaðamót og mun sinna starfinu að minnsta kosti í eitt ár á meðan skólinn er að aðlagast Hjallastefnunni.



MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR

Fram kemur á vef Bæjarins besta að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps ákvað í maí á þessu ári að taka upp Hjallastefnuna. Það verður því í fyrsta sinn sem Hjallastefnan er innleidd á unglingastigi. - jhh

Reglugerðir virtar að vettugi:

## Bygging hrundi á hús í grennd

**EGYPTALAND, AP Ekki færri en tíu létu lífið þegar íbúðaturn í byggingu hrundi á nærliggjandi hús í Alexandríu í Egyptalandi í sunnudag. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti Egyptalands munu fimm hafa verið slasaðir og lifenda enn leitað í rústunum.**

**Byggingin sem hrundi var ellefu hæðir í al-Gomrouk-hverfi í Alexandríu. Hún féll á þrjú hús sem við hana stóðu þannig að eftir voru rústir einar. Hrun bygginga á sér reglulega stað í borgum á borð við Alexandríu og Kaíró, vegna þess hve byggingaverktakar eru gjarnir á að fara í kringum byggingarreglugerðir og stytta sér leið í gróðaskyni.** - óká

# Undirbúa forvarnir gegn netfíkn barna

**SAFT beinir heilræðum til barna og fullorðinna um hvernig megi komast hjá því að ánetjast tölvunni. Netfíkn barna vaxandi vandamál. Dæmi um að börn undir 18 ára spili fjárhættuspil á netinu. Foreldrar setji ekki myndir á netið.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Töluvert er um að foreldrar sem hafa áhyggjur af mikilli netnotkun barna sinna hringi í fulltrúa SAFT sem er vakningarátak um örugga notkun íslenskra barna og unglinga á netinu.

„Við sinnum ekki einstökum málum en við vísum á sálfræðinga sem foreldrar geta leitað til með börn sín. Þetta er eitt af því sem er á okkar verkefnalista, það er að miðla upplýsingum um hvert hægt er að leita,“ segir Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri hjá SAFT.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að stór hópur þeirra 14 til 18 ára drengja sem væru í meðferð á göngudeild Barna- og unglingadeildar Landspítalans glímdi við netfíkn. Í alvarlegustu tilfellunum væru börnin lögð inn þar sem þau væru beinlínis í lífshættu vegna þunglyndis og vanvirkni, að sögn Guðlaugar Maríu Júlíusdóttur, verkefnastjóra félagsráðgjafar á kvenna- og barnasviði Landspítalans.

Guðberg segir netfíkn barna vera vaxandi áhyggjuefni, ekki bara á Íslandi heldur einnig hjá samstarfsaðilum SAFT í Evrópu. „Við erum að undirbúa forvarnafræðsluefni sem beint verður bæði til barna og fullorðinna með styrk frá Evrópusambandinu. Þetta verða heilræði um hvernig komast megi hjá því að ánetjast tölvunni. Við munum sinna þessu næstu tvö árin á meðan þessi áætlun er í gangi.“

Dæmi eru um að börn undir 18 ára aldri spili fjárhættuspil á netinu, að því er Guðberg greinir frá. „Við höfum heyrt dæmi um



**VAXANDI ÁHYGGJUEFNI** Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri hjá SAFT, segir áætlun um forvarnir gegn netfíkn í undirbúningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

slíkt þótt þau hafi ekki komið inn á okkar borð. Forvarnirnar munu einnig ná til þessa þáttar. Flest systursamtök okkar í Evrópu leggja áherslu á að sinna þessum þáttum.“

Guðberg ráðleggur foreldrum að kynna sér netvara sem í boði eru hjá símafyrirtækjum auk forrita sem hægt er að kaupa á netinu. Hann segir jafnframt ástæðu til að vara foreldrana sjálfa við netnotkun.

„Eitt af heilræðunum sem við höfum haldið úti er að foreldrar setji ekki sumarfrísmyndir af léttklæddum börnum sínum á netið og ekki heldur texta. Við þekkjum dæmi um að myndir af íslenskum börnum hafi fundist á erlendum síðum þar sem búið er að taka þær úr samhengi. Það eru fleiri en eitt dæmi um slíkt. Myndir hafa til dæmis verið teknar af Barnalandi og settar á aðrar síður. Það er nánast ómögulegt að ná þeim þegar þær eru komnar í umferð. Það þurfa allir að fara varlega varðandi notkun netsins.“

ibs@frettabladid.is



**NASA** Svokallaður BIN-hópur stendur fyrir undirskriftalista gegn fyrirhugaðri hótelbyggingu.

Hótelbyggingu mótmælt:

## Mótmælendur yfir 10 þúsund

**SKIPULAGSMÁL Um 10.200 manns höfðu í gær skrifað undir mótmælalista gegn hótelbyggingu við Ingólfstorg, Fógetagarð og Austurvöll.**

**BIN-hópurinn stendur fyrir undirskriftasöfnuninni en BIN stendur fyrir Björgum Ingólfstorgi og Nasa. Hópurinn stendur fyrir undirskriftasöfnuninni á síðunni Ekkihotel.is. Hún mun standa til 10. ágúst en þá verður forsvarsmönnum Reykjavíkurborgar, Alþingis og Húsafriðunarnefndar afhentur listinn.** - þeb

Nýjar hefðir í Danmörku:

## Fleiri giftast útlendingum

**DANMÖRK** Sjöunda hver af þeim fimmtíu þúsund hjónavígslum sem fram fóru í Danmörku 2010 og 2011 var hjónavígsla Dana og útlendings. Danir velja sér í vaxandi mæli útlending fyrir maka.

Peter Gundelach, félagsfræðiprófessor við Kaupmannahafnarháskóla, segir í viðtali við Berlingske að þessi þróun leiði óhjákvæmilega til þess að nýir siðir og venjur taki sér bólfestu í Danmörku.

Fólk með mismunandi bakgrunn komi sér saman um að hafa í heiðri þær hefðir sem uppfylla óskir beggja. - ibs


Auðveld kaup

FASTEIGNASALAN TORG KYNNIR:

**YFIRTAKA + SÖLUKOSTNAÐUR:**

**SKÓLAGERÐI 61**

**OPIÐ HÚS Í DAG, ÞRIÐJUDAGINN 17. JÚLÍ KL. 17:30-18:00**





4 herb. íbúð á 2. hæð í góðu húsi og grónu og barnavænu hverfi í Vesturbæ Kópavogs í göngufæri við sundlaugina og aðra þjónustu. Rúmgott hol. Eldhús með stórum glugga og borðkrók. Nýleg eldhúsinnrétting frá HTH, uppþvottavél fylgir. Innaf er lítill gangur með þvottahúsi með glugga. Einnig er þar 1 ágætt herbergi með glugga. Til hægri frá holi er stofan, með útgengi á suður-svalir sem snúa beint út í garðinn. Úr stofu er ágætt herbergi. Til vinstri frá holi er baðherbergi, flísar á gólfi og kringum sturtuklefa, hvít innrétting. Rúmgott hjónaherbergi með skápavegg (upprunalegir). Í sameign í kjallara er sérgeymsla. 2 íbúðir eru á hæð. Sérmerkt bílastæði. **Verð 21,9 millj. Afborganir ca. 100 þús.**

**Jóhanna Kristín Tómasdóttir, lgfs. Fasteignasölunni TORG veitir allar nánari upplýsingar í síma 698 7695 eða á jkt@fasttorg.is**


Undirbúningur fyrir Ólympíuleikana 2012 á lokametrunum:

# Keppendur flykkjast til London

**LONDON, AP** Keppendur, fjölmiðlafólk og áhorfendur flykkjast nú til London þar sem Ólympíuleikarnir verða settir eftir tíu daga.

Komusalirnir á Heathrow-flugvelli voru troðnir af fólki í gær, en þar var búist við um 120.000 komufarþegum frá fimmtíu löndum.

Forsvarsmenn Heathrow hafa fengið til liðs við sig um eitt þúsund sjálfboðaliða til að bregðast við ösinni, enda fer eitt og annað óvenjulegt um flugstöðina þessa dagana, til dæmis stangarstökksstangir, kastspjót, reiðhjól og alls konar íþróttaútbúnaður.

„Við höfum búið okkur undir Ólympíuleikana síðustu sjö ár og nú erum við að hrinda áætluninni okkar í framkvæmd“, sagði Nick Cole sem stýrði undirbúningi Heathrow-flugvallar.

Ekki gekk þó allt að óskum í gær þar sem rúturnar sem flytja keppendur frá flugvellinum inn í Ólympíuþorpið lentu í talsverðum töfum.

Reiknað er með að fyrir leikana verði sett nýtt met yfir fjölda farþega um Heathrow, en alls er búist við 236.955 farþegum. Fyrra met, sem sett var í júlí í fyrra, var rúmlega 233 þúsund. - þj



**Í KOMUSAL** Rússneska siglingaliðið kom til London í gær, sjaldan hefur reynt jafn mikið á skipulagið á Heathrow og nú í aðdraganda Ólympíuleikanna. NORDICPHOTOS/AFP




Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Atlantsolía | Lónsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir konan sem hlaut titilinn „hraustasta kona heims“?
2. Hvaða söngkonu hyggst franskur stjórnmálaflokkur kæra?
3. Hvað er landsliðsmaðurinn Ólafur Stefánsson gamall?

SVÖR

1. Annie Mist Þórisdóttir 2. Madonnu 3. 39 ára

Mikil sorg ríkir í Danmörku vegna slyss þar sem þrjár systur létu lífið þegar þær urðu undir heybaggastæðu:

# Rúllubaggar geta verið stórhættulegir

**LANDBÚNAÐUR** „Mesta hættan af rúlluböggum er þegar menn eru að rúlla eða binda í brattlendi. Þar þarf að gæta sérstakrar varúðar og svo þegar verið er að stafla þessu í mjög háar stæður,“ segir Bjarni Jónsson, sem hefur skrifað leiðbeiningar fyrir bændur um slysahættu af rúlluböggum.

Í síðustu viku létust þrjár systur í Danmörku þegar þær voru við leik í heybaggastæðu sem síðan hrundi ofan á þær.

Stúlkurnar voru á aldrinum sex til þrettán ára, en talið er að þær hafi látist vegna áverka sem þær hlutu undan þyngslum bagganna. Mikil sorg ríkir í Danmörku vegna þessa voveiflega atburðar.

Bjarni telur ólíklegt að svipað slys geti orðið með þeim böggum sem hér eru gerðir. „Þegar baggarnir eru sestir á túnið fá þeir fljótlega á sig flöt sem þeir eru allstöðugir á. Svo er plastið stamt þannig að það þarf mikla óheppni og óaðgæslu til þess að baggarnir fari af stað.“

Hann segir þó allt geta gerst og ítrekar að rúllubaggar séu stórhættulegir ef þeir fara af stað. Hann segir engan eiga erindi á svæði þar sem verið er að binda bagga.

„Svo barnvænn og rómantískur sem landbúnaður hefur verið í augum margra, þá er þetta bara orðin vinna með stórar vinnuvélar nú til dags.“ segir Bjarni.

- ktg



**HEYSKAPUR** Ekki er vitað hvort baggarnir sem urðu stúlkunum að bana í Danmörku séu eins og þeir sem búnir eru til hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hollande búinn að fá nóg:

## Skipar fyrrum konu að þegja

**FRAKKLAND** Francois Hollande, forseti Frakklands, er búinn að fá nóg af umdeildum opinberum ummælum fyrrverandi sambýliskonu sinnar, Valerie Trierweiler, og hefur skipað henni að þegja í framtíðinni.



FRANCOIS HOLLANDE

Trierweiler segir í samtali við BFM-sjónvarpsstöðina að hún hafi móttekið skilaboðin frá forsetanum og muni halda sig á mottunni.

Meðal ummæla Trierweiler sem komu forsetanum ákaflega illa var stuðningsyfirlýsing við mótframbjóðanda Segolene Royal í síðustu þingkosningum en Royal er barnsmóðir forsetans.

Rannsókn á stöðu 103 tegunda lemúra:

## Mikil útrýmingarhætta

**VÍSINDI** Fleiri tegundir lemúra eru í útrýmingarhættu en áður var talið samkvæmt nýrri rannsókn náttúruvísindamanna á Madagaskar. Alls eru 94 af 103 tegundum í hættu samkvæmt frétt BBC.

Lemúrar eru prímatar sem lifa aðeins á eyjunni Madagaskar, sem er við austurströnd meginlands Afríku. Þar hafa þeir þróast án tengsla við aðra prímata frá því eyjan skildist frá meginlandi Afríku og síðar Indlandi fyrir um 88 milljónum ára.

Samkvæmt rannsókn sem gerð var fyrir alþjóðlegu umhverfisverndarsamtökin IUCN eru nú 23 tegundir af lemúrum í bráðri útrýmingarhættu. Það þýðir yfirleitt að stofninn sé innan við 50 fullvaxin dýr. Þegar ástandið var metið síðast, árið 2008, voru átta tegundir í bráðri hættu. Þá teljast 52 tegundir til viðbótar vera í útrýmingarhættu, en voru átján árið 2008. Nítján tegundir eru í viðkvæmri stöðu, en fjórtán tegundir voru í þeirri stöðu 2008.



**Í HÆTTU** Aðeins níu af 103 tegundum lemúra teljast ekki í hættu í dag.

Ýmsar ástæður eru fyrir slæmri stöðu lemúranna. Stjórnmálaástandið á Madagaskar hefur verið óstöðugt frá árinu 2009. Vegna þessa hefur dregið verulega úr eftirliti með ólöglegu skógarhöggi, og meðfylgjandi eyðingu á kjörlendi lemúranna. Einnig virðist orðið algengara en áður að fólk veiði lemúrana sér til matar.

- bj

**HVER ÞREMILLINN!**

Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*



**SLYSAHÆTTA** Lokið á dælustöðinni er laust en tveimur stórum steinum hefur verið komið fyrir ofan á því. Lítið mál er að velta þeim af lokinu. Dælustöðin er skammt frá útikennslustofu og leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Börnin leika sér við hættulegan brunn

**Dælustöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi var upphaflega læst með loki. Börnin í hverfinu hafa fundið út hvernig á að opna brunninn. Svæðisstjóri hjá Orkuveitunni segir slysahættu vegna brunnsins.**

Lok á dælustöð í Grundarhverfi á Kjalarnesi stendur ólæst og opið. Íbúi á Kjalarnesi, Sigrún Jóhannsdóttir, segir staðinn vinsælan hjá krökkum sem búa í grenndinni. Hún hefur séð börn allt niður í sjö ára leika sér við dælustöðina.

„Krakkarnir fundu fljótlega leið til að opna brunninn og sumir fóru niður. Þetta hefur verið voðalega spennandi,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir, sem býr rétt hjá dælustöðinni.

Upphaflega var lokinu læst en var ekki nógu stíft svo það small úr læsingunni ef það var togað upp í hliðunum.

„Við erum búin að hringja í þónokkur skipti út af þessu og þeir hjá Orkuveitunni hafa komið hingað í þrígang. Nú er búið að sjóða járnbita inn í lokið til að styrkja það, en það er alveg ólæst þannig að það liggur bara laust ofan á brunninum. Þeir settu bara tvo stóra steina ofan á lokið en það er lítið mál að velta þeim ofan af,“ segir Sigrún.

> Þeir settu bara tvo stóra steina ofan á lokið en það er lítið mál að velta þeim ofan af.
>
> ARNÓR EINARSSON SVÆÐISSTJÓRI HJÁ ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Starfsmenn Orkuveitunnar eru meðvitaðir um vandamálið.

„Það er vandræðaástand með þennan brunn. Við erum búnir að gera ráðstafanir þannig að lokið sé ekki slitið upp af honum, en það virðist ekki hafa dugað,“ segir Arnór Einarsson svæðisstjóri.

„Ég veit ekki hvað vakir fyrir þessum grislingum þarna, en það eru greinilega krakkar sem hafa gaman af að kíkja á skólpið,“ segir Arnór.

Hann telur að mikil slysahætta geti stafað af brunninum.

„Það á ekkert að vera að flækjast þarna, þetta er stórhættulegt og ekki fyrir hvern sem er. Við erum sérútbúnir þegar við förum þarna niður, með hjálm og fleira,“ segir Arnór.

Hann segir að Orkuveitan muni reyna að laga lokið á brunninum við fyrsta tækifæri.

„Það fóru menn þangað strax eftir mat til að reyna að betrumbæta ástandið.“

katrin@frettabladid.is


USB 3 FLAKKARI

Seagate GoFlex USB 3

Kemur með tengivöggu sem auðveldar afritun og eykur flutningshraða. Sjálfvirk og tímastillt afritun með afritunarhugbúnaði sem fylgir. FireWire tengivagga einnig fáanleg.



2TB 24.990

3TB 34.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Seagate

tl.is TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR




# BRAGÐGOTT SUMAR MEÐ SANTA MARIA

Grill marineringarnar frá Santa Maria eru einfaldar og bragðgóðar lausnir fyrir grillið.

Þær innihalda ekkert MSG.

Gerðu engar málamiðlanir – Notaðu Santa Maria marineringar næst þegar þú grillar.



1. OPNAÐU



2. SETTU KJÖTIÐ Í POKANN



3. LOKAÐU POKANUM OG LÁTTU KJÖTIÐ MARINERAST Í A.M.K. KLUKKUSTUND

BÓNUS HAGKAUP Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus






## FRÉTTASKÝRING: Forsetakosningar í Bandaríkjunum




**SÁ Á KVÖLINA** Mitt Romney hefur lítið gefið upp um hvern hann hyggst hafa með sér sem varaforsetaefni í komandi forsetakosningar í Bandaríkjunum. Hann sést hér með Tim Pawlenty og Kelly Ayotte sem hafa bæði verið orðuð við hnossið. NORDICPHOTOS/AFP

# Margir valkostir Romneys

**Spennan magnast stöðugt fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum þar sem repúblikaninn Mitt Romney freistar þess að velta demókratanum Barack Obama úr sessi. Eitt helsta umræðuefnið þessa dagana er val Romneys á varaforsetaefni, en þar eru margir kallaðir.**

Það er auðvelt að oftúlka hlutverk varaforsetaefnis og halda að það muni koma til með að skipta sköpum á kjördag. Hins vegar er jafn ljóst að réttur einstaklingur sem varaforsetaefni getur skerpt á stefnu aðalframbjóðanda þegar mikið ríður á og kjördagur nálgast óðum. Þá er einn af þeim þáttum sem horft er til hvort varamaðurinn vegi upp á móti veikleikum forsetaframbjóðandans.

Þegar John McCain kynnti Söruh Palin til sögunnar sem varaforsetaefni fyrir kosningarnar 2008 varð það í fyrstu til að auka til muna kraftinn í herferð McCains, enda höfðaði Palin mjög eindregið til ákveðins hóps í kjarna flokksins.

Heittrúuð fjölskyldukona með reynslu af framkvæmdavaldi sem borgarstjóri og ríkisstjóri í Alaska, alls ótengd „spillingaröflunum“ í Washington, varð til þess að fylgi McCain stórjókst á um tveggja vikna tímabili, sérstaklega meðal trúaðra og kvenna.

Afleikur hans eftir hrun Lehman Brothers varð honum hins vegar að falli, en á sama tíma hafði Palin komið illa út úr viðtölum í fjölmiðlum. Á meðan náði Obama vopnum sínum og vann afgerandi sigur.

Staða Romneys nú er mun betri en hjá McCain. Þó að hann sé nokkuð á eftir Obama í skoðanakönnunum sem stendur er langt í nóvember og fjáröflun Romneys hefur gengið gríðarvel síðustu mánuði.

Veikleikar Romneys eru þó nokkrir og komu berlega í ljós í forvali repúblikana. Í fyrsta lagi eru það félagslegu málin, til dæmis fóstureyðingar og réttindi samkynhneigðra. Þótt Romney sé í dag einarður í skoðunum hafa fyrri yfirlýsingar hans þótt gefa mynd af frjálslyndum manni og skaðað stöðu hans hjá íhaldssamari öflum.

Í annan stað er Romney af efnafólki kominn og gekk í dýra einkaskóla. Í dag er hann vellauðugur eftir áratuga störf í fjárfestingageiranum. Vegna þessa hafa repúblikanar áhyggjur af því að hann nái ekki að höfða til millistéttarinnar (og liðsmenn Obama hafa sannarlega gert sér mikinn mat úr því).

Í ljósi þess hve munurinn er mjór á milli frambjóðenda er stærsti vandi Romneys að finna meðreiðarsvein sem getur hjálpað honum að finna jafnvægi og höfða bæði til íhaldssamari arms eigin flokks og óákveðinna kjósenda. Hann þarf að treysta fylgi sitt á hægri vængnum en má ekki fara of langt.

### Margir kallaðir

Frá því að Romney tryggði sér útnefningu Repúblikanaflokksins hafa fjölmargir verið nefndir sem hugsanleg varaforsetaefni.

Sá sem einna lengst hefur verið viðloðandi umræðuna er öldungadeildarþingmaðurinn Marco Rubio. Hann hefur flest til að bera sem getur prýtt meðframbjóðanda Romneys, ungur og kraftmikill maður með afar íhaldssamar skoðanir og af kúbverskum ættum, sem er talið geta höfðað til minnihlutahópa sem hafa síður en svo verið gefnir fyrir Romney. Síðast en ekki síst er Rubio frá Flórída, sem er eitt af lykilríkjunum í komandi kosningum.

Innan öldungadeildarinnar eru þau Kelly Ayotte og John Thune nefnd til sögunnar. Ayotte er fyrrum saksóknari, sem var kjörin í öldungadeildina árið 2010 og er ein af vonarstjörnum flokksins. Thune er talinn afar frambærilegur að flestu leyti. Öflugur frambjóðandi sem hefur getið sér gott orð innan veggja þinghússins Capitol, en gæti liðið fyrir að vera full varkár í orðum og gjörðum.

Í kosningum í Bandaríkjunum hefur síðustu ár og áratugi verið talið mönnum til tekna að vera ósnortnir af spillingunni í Washington. Þess vegna hafa ríkisstjórar oft verið sterkir frambjóðendur og að þessu sinni eru nokkrir slíkir orðaðir við Romney, þar á meðal Chris Christie, ríkisstjóri í New Jersey og Bob McDonnel, ríkisstjóri Virginíu.

Condoleeza Rice, fyrrverandi utanríkisráðherra, hefur hins vegar sagt skýrt að hugur hennar standi ekki til framboðs með Romney.

### Varla úr óvæntri átt

Þeir sem hér eru nefndir eru einstaklingar sem fjölmiðlar vestra hafa haldið á lofti, en ekki er útséð um að Romney leiti á önnur mið fyrir flokksþingið í ágúst.

Þó er ekki talið líklegt að hann velji sér meðframbjóðanda úr óvæntri átt. Sérfræðingar sem AP-fréttastofan ræddi við segja Romney ekki líklegan til að taka mikla áhættu með valinu. Það verður altjent örugglega ekki ný Sarah Palin.

Val McCains á Palin var enda örþrifaráð, sem mistókst á endanum, en þess gerist líklega ekki þörf hjá Romney sem ætti að geta valið af meiri kostgæfni.


**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



## Þrír í sérflokki

Þegar litið er yfir sviðið nú eru þrír taldir líklegastir til að verða varaforsetaefni Romneys. Það eru Bobby Jindal, ríkisstjóri Louisiana, Tim Pawlenty, fyrrum ríkisstjóri í Minnesota, og öldungadeildarmaðurinn Rob Portman.

Pawlenty nýtur þess að vera afar náinn Romney. Hann er auk þess strangtrúaður og er kominn af alþýðufólki, ólíkt Romney. Pawlenty er hins vegar mjög hófstilltur maður og ekki líklegur til að hrista upp í hlutunum.

Portman er frá Ohio-fylki, einu af lykilríkjunum í komandi kosningum, og er það talið honum mjög til tekna. Hann hefur að undanförnu hitt ráðgjafa Romneys sem þykir benda til þess að hann sé líklegur. Hann hefur hins vegar starfað lengi í Washington og óvíst er hvaða áhrif það mun hafa.


BOBBY JINDAL


TIM PAWLENTY


ROB PORTMAN

Loks er það Jindal, sem er ein af stjörnum flokksins, en margir telja að hann sé nú fremstur meðal jafningja og leiði kapphlaupið um að standa við hlið Romneys.

Jindal er aðeins 41 árs (eins og Rubio) og mikill íhaldsmaður hvort sem varðar ríkisfjármál eða félagsleg málefni, þar sem hann er til dæmis alfarið andvígur fóstureyðingum.

Jindal er þar að auki af indverskum ættum og því talinn líklegur til að bæta ímynd Repúblikanaflokksins út á við sem flokkur allra landsmanna. Jindal hefur ekkert viljað tjá sig um hvort hann væri til í að taka slaginn. Eins og oft er tilfellið í stjórnmálum er sú þögn túlkuð sem ákveðinn fyrirboði.




ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


Grillbúðin 5 ára
Fjöldi afmælistilboða til 21. júlí
Mikið úrval garðhúsgagna úr TEKKI
119.900
AFMÆLIS TILBOÐ
89.900
AFMÆLIS TILBOÐ
3 viðarlitir í boði
39.900
AFMÆLIS TILBOÐ
LANDMANN
Er frá Þýskalandi
www.grillbudin.is
49.900
AFMÆLIS TILBOÐ
27.900
AFMÆLIS TILBOÐ
Char-Broil
8.900
AFMÆLIS TILBOÐ
4 Litir
Kolagrill 16 gerðir
5.990
VERÐ FRÁ
47.900
AFMÆLIS TILBOÐ
Borð og 4 stólar
Garðhúsgögn 20% afsláttur
394.000
AFMÆLIS TILBOÐ
Borð og 6 stólar
243.600
AFMÆLIS TILBOÐ
Borð og 4 stólar
43.900
AFMÆLIS TILBOÐ
7.900
AFMÆLIS TILBOÐ
Fyrir svalahandrið
Verð frá
6.990 m2
AFMÆLIS TILBOÐ
Útiparket
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400
GARVIDA
EXTERIEUR
Er frá Þýskalandi
Belardo
Outdoor Collection
Er frá Þýskalandi

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenzki tvískinnungurinn í fríverzlunarmálum:

# Hvar eru talsmenn neytenda?

Íslenzk stjórnvöld hafa engan vilja sýnt til að hrófla við núverandi landbúnaðarkerfi, þótt það sé eitt það dýrasta í heimi, eða nýta tækifæri sem alþjóðlegir samningar gefa til að auka samkeppni í viðskiptum með búvörur. Ekki er hægt að sjá neinn mun á viljaleysinu á milli þeirra stjórnmálaflokka sem setið hafa á þingi undanfarin ár.

Þetta skrifuðu Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verzlunar og þjónustu (SVÞ), og Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ, í grein í Fréttablaðinu í gær. Það er rétt hjá greinarhöfundunum að þetta er dapurleg lýsing á staðreyndum.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Andrés og Margrét segja ennfremur: „Stjórnvöld hafa fylgt þeirri stefnu að gera innflutning á landbúnaðarvörum eins erfiðan og mögulegt er og til að fá stjórnvöld til að virða gerða samninga hafa SVÞ þurft að nýta flest þau úrræði sem tiltæk eru að lögum.“ Þau rekja kærur til umboðsmanns Alþingis, kvartanir til Eftirlitsstofnunar EFTA og dómsmál vegna framkvæmdar Íslands á alþjóðasamningum.

„Það hlýtur að teljast fáheyrt að hagsmunasamtök þurfi ítrekað að beita lagalegum úrræðum til þess að knýja á um að stjórnvöld virði samninga sem þau sjálf hafa gert! Það er engu að síður staðreynd málsins,“ skrifa forystumenn SVÞ.

Þau bæta við að fullyrða megi að staðan væri önnur ef verja þyrfti útflutningshagsmuni Íslands samkvæmt sömu alþjóðasamningum; þá hefðu stjórnvöld gengið fram fyrir skjöldu. „Það er eins og íslensk stjórnvöld gleymi oft að alþjóðasamningar veita réttindi en leggja jafnframt skyldur á báða samningsaðila, ekki aðeins á annan þeirra. Og íslensk stjórnvöld geta ekki valið hvaða alþjóðasamninga þau kjósa að virða,“ segja Andrés og Margrét.

Þessi tvískinnungur íslenzkra stjórnvalda hefur komið vel fram í samningaviðræðum á vettvangi Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) um aukna fríverzlun. Sömu samningamenn, í umboði sama ráðherra, halda því annars vegar fram að afnema eigi tolla á sjávarafurðum og ríkisstyrki til sjávarútvegs, en hins vegar að halda beri háum tollum á búvörum og ríkisstyrkjum til landbúnaðarins. Þó færa önnur ríki fram sömu rök fyrir vernd sjávarútvegsins og Ísland fyrir vernd landbúnaðarins.

Talsmenn landbúnaðarins fagna því líka að nýjar heilbrigðisreglur auðveldi framleiðendum íslenzkrar búvöru stórlega að koma vöru sinni á markað í ríkjum Evrópusambandsins, en kvarta undan því að sömu reglur rýmki um of fyrir innflutningi hingað til lands.

Þetta er stefna sem er í mótsögn við sjálfa sig, óskiljanleg og fáránleg.

Fríverzlun og frjáls samkeppni stuðlar að lægra vöruverði og er eitt mikilvægasta hagsmunamál neytenda. Hvernig stendur þá á því að Alþingi ríkir samstaða um að verja þessa bjánalegu fríverzlunarstefnu og úrelt haftakerfi landbúnaðarins, ef ekki í verki þá með þögninni? Margrét og Andrés lýsa eftir hópi stjórnmálamanna, þvert á flokka, sem hafi kjark til að beita sér fyrir breytingum í þágu neytenda. Hvar eru þeir?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hringekjan aftur á ferð

Oft hefur verið haft fyrir satt að „umræðan“ fari í hringi. Það sannast í umræðunni um afrek kjarnakonunnar ungu Anníe Mist, sem vann mikið afrek þegar hún varði titil sinn á heimsleikunum í Crossfit um helgina. Anníe var vart komin með gullið um háls sér þegar netheimar loguðu af því að hún mun ekki koma til greina sem íþróttamaður ársins sökum þess að Crossfit er ekki undir hatti ÍSÍ. Nákvæmlega sama reiðikastið og tekið var í fyrra.



### Hraðspólað yfir leiðindin

Sumsé: Reiða fólkið á internetinu verður reitt og segir íþróttafréttamenn búa í fílabeinsturni. Verðlaunin skipti hvort sem er ekki máli. Íþróttafréttamenn halda sínu striki enda er það þeim í sjálfvald sett hvaða reglur þeir hafa í málinu. Málið gleymist.

En, kæra reiða fólk á internetinu, ekki gleyma að æsa ykkur yfir því að hún þurfi að borga skatta af verðlaunafénu.

Að kerskni slepptri er afrek Anníear mikið og yrði hvorki meira né minna með þessum blessaða titli.

Slöppum nú af.

### Innanflokkskrónika VG

Í heimi pólitíkurinnar er alltaf hægt að stóla á að fólk forðist afslöppun. Jón Bjarnason skrifar grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann gerir lítið úr „fjálglegum“ skrifum samflokksmanns síns Árna Þórs Sigurðssonar um makrílveiðar og ESB-umsókn Íslands. Afstaða Jóns í Evrópumálum er löngu ljós en það kemur sífellt betur í ljós á yfirlýsingum VG-liða að flokkurinn er þessi misserin samsettur úr tveimur andstæðum hópum sem hanga saman á þrjóskunni einni saman.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skuggaleg áform

Skipulagsmál



Sverrir Björnsson
hönnuður

Það er dimmt yfir miðbæ Reykjavíkur því verðmæt lífsgæði borgarbúa eru í hættu.

Ný plön kasta löngum skuggum yfir útivistarsvæði okkar og barna, barna okkar.

Minnka á sólarsýnina sem Reykvíkingar njóta svo ríkulega á Austurvelli á góðviðrisdögum.

Taka á af okkur stóran hluta útivistarsvæðisins á Ingólfstorgi og há hús munu skyggja á þann hluta torgsins sem verður ósnertur.

Byrgja á gömlu húsin við Ingólfstorg sjónum og búa til þröngt og skuggalegt sund þvert í gegnum bæinn.

Loka á fyrir akandi umferð almennings um miðbæinn til að hægt sé að þjónusta risavaxið hótel.

Endanlega á að króa elsta hús Reykjavíkur, Aðalstræti 10, af á milli hárra stórhýsa.

Það á að þrengja að Fógetagarðinum, Alþingishúsinu og gömlu fallegu húsunum við Kirkjustræti og eyðileggja útsýnið upp götuna að Herkastalanum og Hótel Reykjavík.

Allt þetta er á áætlun í verðlaunatillögunni um skipulag miðbæjarins sem nú er til sýnis við Kirkjustræti.

Er árið 1950? Hvernig dettur heilvita fólki þetta í hug í dag? Hvað þá fagfólki í borgarpólitík.

Það er löngu sannað með dauðum miðbæjum um allan heim að það þrífst ekki líf í tilbúnum steypumiðbæjum en það blómstrar í björtu umhverfi ljóss og sjarma eldri bygginga.

> Jón Gnarr, farðu nú í skikkjuna, við þörfnumst þín. (Dagur þú manst að Robin getur líka bjargað, stundum.)

Hvað gengur mönnum til? Jú, það er alltaf sama gamla svarið: Til að peningamenn fái sitt, allt fyrir skammtímagróðann! Hefur frjálshyggjuhugsunin – auðinn ofar lífinu – ekki valdið okkur nægum skaða á undanförnum árum?

Hvar er nú Batman Reykjavíkur? Sá er ávallt bjargar Gotham City þegar illa meinandi klækjarefir ætla að ræna lífsgæðum borgarbúanna í þeirri skuggalegu borg. Jón Gnarr, farðu nú í skikkjuna, við þörfnumst þín. (Dagur þú manst að Robin getur líka bjargað, stundum.) Við hin getum reynt að verjast umhverfisofbeldinu með því að greiða atkvæði á vefnum Ekkihotel.is.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sumarið er tíminn

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Þegar grasið verður grænt, og ofnæmið þitt verður, óþolandi, ójá! Bubbi vonandi fyrirgefur mér að ég sé að breyta texta hans við frábært lag þessa meistara í íslenskri tónlistarsögu, en þetta á bara svo ansi vel við! Það er ljóst að við sem erum svo óheppin að vera með ofnæmi höfum heldur betur fundið fyrir því að sumarið er komið í allri sinni frjókornadýrð. Ekki hefur bætt úr skák að veðurblíðan og lítil rigning hefur viðhaldið háu frjókornamagni í loftinu auk þess sem annar frábær listamaður og núverandi borgarstjóri hefur lagt rækt við óræktina og forðast slátt þetta sumarið.

Fór í apótekið í dag og ætlaði að sækja „skammtinn“ minn en lyfið sem ég nota gegn ofvextinum á umferðareyjum borgarinnar er uppselt og á bið, ansans vesen það. En sem betur fer eru fleiri lyf á markaði og ég hef ekki frekari áhyggjur af því í bili, enda með tiltölulega vægt ofnæmi sem hefur lagast mikið með aldrinum.

Það er þó búið að koma fram að magn frjókorna hérlendis er umtalsvert í ár og eru margir sem kvarta undan einkennum og er mikil sala á ofnæmislyfjum til handa stífluðum hornösum og einstaklingum með fljótandi augu og kláða að ekki sé minnst á geltandi og hvæsandi asthmatíkera.

En hvað er það sem veldur þessu guðsvolaða ástandi frjóofnæmissjúklinga?

Jú, það eru fyrst og fremst birki og grös, en einnig ýmsar súrur og njólar auk runnajurta eins og víði og ylli svo nokkuð sé nefnt. Þegar frjókornin hitta fyrir einstakling sem er með ofnæmi ræsa þau upp sjálfkrafa minnisviðbragð í ákveðnum frumum í líkama viðkomandi sem losar úr læðingi efni sem kallast histamín auk annarra efna. Þessi losun hefur í för með sér kerfisbundið bólguviðbragð sem getur verið staðbundið í slímhúð í augum, nefi og lungum sem eru algengustu staðirnir, en einnig er mögulegt að slíkt geti dreift sér um allan líkamann eins og t.d. útbrot.

Ýmsar leiðir eru færar til að gera lífið bærilegt með andhistamínum, bæði með töflum, augndropum og nefúða. Þá er stundum notuð sprautumeðferð og afnæming svo eitthvað sé nefnt. Þá eru líka býsna margir sem telja að óhefðbundnar aðferðir hjálpi án þess að ég geti staðfest það.

Sumarið er tíminn, þegar blómin springa út og þau ilma, af dulúð og sól, ójá.

Sumarið er tíminn, þegar mér líður best, með ofnæmislyfið mitt, inni í húsi, ójá.

# Getur forseti vikið ráðherra frá?

Forsetaembættið

Skúli Magnússon
dósent við lagadeild HÍ



Í grein í Fréttablaðinu 12. júlí sl. fjallar Ágúst Geir Ágústsson á áhugaverðan hátt um valdheimildir forseta Íslands og áréttar að lausn og skipun ráðherra sé stjórnarathöfn sem forseti geti ekki framkvæmt án atbeina ráðherra sem ber ábyrgð á ákvörðun (13., 15. og 19. gr. stjskr.). Þetta er hárrétt og raunar kjarninn í grein minni frá 7. júní sl. sem Ágúst vísar til. Í grein Ágústs mætti hins vegar koma skýrar fram að þegar um er að ræða skipun nýs forsætisráðherra er það forsætisráðherraefni sem meðundirritar skipunarbréf sjálfs sín og ber ábyrgð á ákvörðun, en ekki fráfarandi forsætisráðherra. Út frá því hefur því verið gengið að nýr forsætisráðherra verði skipaður (og þar með ný ríkisstjórn) án atbeina, og jafnvel gegn vilja, fráfarandi forsætisráðherra. Hitt er svo annað mál hvort og hvaða ábyrgð hinn nýi forsætisráðherra og ríkisstjórn hans kann að baka sér með þessum athöfnum, sbr. einkum lög um ráðherraábyrgð nr. 4/1963. Það mál er hins vegar flókið og að verulegu leyti háð þeim aðstæðum sem uppi eru hverju sinni.

Ágúst fullyrðir að það leiði af „eðli máls auk þess sem fyrir því sé skýr stjórnskipunarvenja“ að nýr forsætisráðherra verði ekki skipaður nema sá sem fyrir situr hafi áður beðist lausnar frá því embætti. Samkvæmt þessu ætti það væntanlega að leiða til ógildis skipunar nýs forsætisráðherra ef fráfarandi forsætisráðherra hefur ekki áður beðist lausnar. Þetta jafngildir hins vegar því að nýr forsætisráðherra verði ekki skipaður án samþykkis sitjandi ráðherra. Vandamálið við þennan rökstuðning er að einmitt gagnstæð regla hefur gilt að íslenskum rétti og þá með þeim rökum að það gangi ekki upp að fela (fráfarandi) forsætisráðherra sjálfdæmi um það hvort nýr ráðherra verði skipaður. Ágúst gerir raunar þann mikilvæga fyrirvara við framangreinda fullyrðingu sína að neyðarréttarsjónarmið kunni að réttlæta skipun nýs forsætisráðherra gegn vilja þess sem situr. Ég sé ekki betur en að þessi fyrirvari byggi einmitt á þessum grundvelli, þ.e. meginreglunni um að nýr forsætisráðherra verði skipaður með gildum hætti án atbeina og án tillits til vilja sitjandi ráðherra.

> Kjarni málsins er sá að stjórnskipulegar skyldur forseta og ráðherra, t.a.m. á grundvelli þingræðisreglunnar, falla ekki saman við formlegar stjórnskipulegar heimildir þeirra.

Kjarni málsins er sá að stjórnskipulegar skyldur forseta og ráðherra, t.a.m. á grundvelli þingræðisreglunnar, falla ekki saman við formlegar stjórnskipulegar heimildir þeirra. Forseti getur þannig með stjórnskipulega gildum hætti skipað nýjan forsætisráðherra og vikið frá þeim sem fyrir er án þess að til þurfi að koma lausnarbeiðni eða annar atbeini sitjandi ráðherra. Hvort og þá hvaða afleiðingar slík ákvörðun kann að hafa, t.d. hvort ráðherra verði látinn sæta refsiábyrgð fyrir Landsdómi, er einfaldlega annað mál sem ekki hefur áhrif á gildi ákvörðunar eða annarra ákvarðana sem teknar eru á grundvelli hennar. Þetta held ég að hafi verið það atriði sem Svanur Kristjánsson setti fram með nokkuð snaggaralegum hætti í útvarpsþætti fyrir nokkru og Ágúst vísar til.

Andstætt ráðherrum sætir Forseti Íslands ekki lagalegri ábyrgð á stjórnarathöfnum (11. gr. stjskr.). Á hinn bóginn getur þingið krafist frávikningar forseta með þjóðaratkvæðagreiðslu með samþykkt 3/4 hluta þingmanna sem hefur jafnframt þau áhrif að forseta er vikið frá um stundarsakir (3. mgr. 11. gr. stjskr.). Þar til að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram færu handhafar forsetavalds með forsetavald, þ.e.a.s forseti Alþingis, forseti Hæstaréttar ásamt hugsanlega forsætisráðherra! Það sem hér skiptir máli er að þingið getur virkjað pólitíska ábyrgð forsetans gagnvart þjóðinni umsvifalaust. Það er þannig alls ekki svo að þingið hafi engin spil á hendi gagnvart forseta sem það telur misbeita valdi sínu. Þó ég sé þeirrar skoðunar að hér megi auka við og styrkja heimildir þingsins er engu að síður mikilvægt að halda þessu atriði til haga við umræðu um gildandi stjórnskipun.

Gott úrval af notuðum bílum


**Toyota Land-Cruiser 150**
Skr. 12.2010
Ekinn 24.000 km
Diesel, sjálfsk.
Verð kr. 8.390.000


**M. Benz ML400**
Skr. 03.2004
Ek. 87.000 km.
Diesel, sjálfsk.
Verð kr. 3.850.000


**Swift GL 4x**
Swift GL 4x4
Skr.05.2011
Ekinn 33.000 km
Bensín ,beinsk
Verð kr. 2.180.000


**Toyota RAV4**
Skr. 12.2004
Ekinn 144.000
Bensín, beinsk
Verð kr. 1.470.000


**Honda Jazz Comfort**
Skr. 06.2010
Ekinn 58.000 km
Benísn, beinsk.
Verð kr.
2.180.000


**Hyunday I30**
Skr. 05.2011
Ekinn 33.000 km
Bensín, beinsk.
Verð kr. 2.190.000


**Kia Ceed LX-DS**
Skr. 06.2011
Ekinn 34.000 km
Diesel, beinsk
Verð kr. 2.490.000


**Suzuki Grand Vitara SP**
Skr. 01.2006
Ekinn 129.000 km
Bensín, sjálfsk
Verð kr. 1.880.000


**Suzuki SX4**
Skr. 12.2009
Ekinn 43.000 km
Bensín, sjálfsk
Verð kr. 2.580.000

SUZUKI

Komdu og skoðaðu úrvalið

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is




Skelltu þér til Skandinavíu!

Kaupmannahöfn, Billund og Gautaborg, verð frá:

14.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.
Ferðatímabil: 17. júlí til 30. ágúst 2012

FÍTON / SÍA

6 TÍMA TILBOÐ!
frá hádegi í dag til kl. 18:00

Iceland Express
– lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

# Atvinnuleysi á hraðri niðurleið

Atvinnumál



Steingrímur J. Sigfússon
efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra

## Skráð atvinnuleysi eftir mánuðum




Einhver ánægjulegustu tíðindi síðustu vikna eru nýbirtar tölur um atvinnuleysi. Skráð atvinnuleysi samkvæmt gögnum Vinnumálastofnunar mældist 4,8% í nýliðnum júnímánuði og hefur lækkað hratt undanfarna mánuði. Greinilegt er að aukin umsvif í efnahagslífinu eru að skila fleiri störfum. Stofnunin reiknar með að atvinnuleysi haldist áfram lágt í júlí og spáir 4,5-4,9%. Nú þegar ætla má að slaki niðursveiflunnar hafi að mestu unnist upp mun áframhaldandi efnahagsbati skila sér hraðar í lækkun atvinnuleysis og fjölgun starfa. Vissulega eru þessar atvinnuleysistölur enn of háar en það er þó athyglisvert að skráð atvinnuleysi í síðastliðnum júnímánuði, tveimur og hálfu ári eftir að það náði hæstu hæðum í kjölfar hrunsins, er lægra en í sama mánuði árið 1995.

Tölurnar síðustu tólf mánuði benda til þess að dregið hafi úr árstíðabundnu atvinnuleysi. Athyglisvert er að sjá að ekki var tilkynnt um neinar hópuppsagnir í mars, apríl, maí og júní. Einungis ein hópuppsögn hefur verið tilkynnt á árinu 2012. Í samanburði við flestar aðrar Evrópuþjóðir er atvinnuleysið hér mjög lágt. Efnahagsbatinn nær nú til vel flestra geira atvinnulífsins, þar með vex fjölbreytni þeirra starfa sem bætast við og verði einhver þeirra fjárfestingarverkefna sem eru í undirbúningi að veruleika á næstu misserum mun það enn bæta stöðuna.

Ársfjórðungsleg vinnumarkaðsmæling Hagstofunnar staðfestir einnig batnandi stöðu á vinnumarkaði. Samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir fyrsta fjórðung 2012 fjölgaði starfandi um 1.300 manns og atvinnulausum fækkaði um 1.000 frá sama tíma í fyrra. Ánægjulegt er einnig að sjá að þeim sem hafa verið atvinnulausir í tólf mánuði eða lengur fækkaði um 1.000, úr 2,2% vinnuafls á fyrsta ársfjórðungi 2011 í 1,6% vinnuaflsins á fyrsta ársfjórðungi 2012. Aðferð Hagstofunnar til að mæla stöðuna á vinnumarkaði er ólík mánaðarlegu mælingunum hjá Vinnumálastofnun þar sem Hagstofan byggir á úrtakskönnun úr þjóðskrá. Niðurstöður úr báðum þessum mælingum sýna jákvæða þróun á vinnumarkaði með minnkandi atvinnuleysi.

### Atvinnuástand batnar um allt land

Skráð atvinnuleysi var 5,5% á höfuðborgarsvæðinu í júní og minnkaði úr 6,3% í maí. Á landsbyggðinni var atvinnuleysið 3,5% og minnkaði úr 4,5%. Á Suðurnesjum hefur orðið mikil breyting á síðastliðnu ári, þannig mældist atvinnuleysið þar 7,5% í nýliðnum júní samanborið við 10,6% á sama tíma í fyrra. Að sama skapi hefur dregið úr atvinnuleysi bæði á meðal karla og kvenna á landsvísu. Batinn er því ekki stað- eða kynbundinn heldur almennur. Því ber að fagna.

# Gagnsærri stjórnsýsla með opnari stefnumótun

Stjórnsýsla



Pétur Berg Matthíasson
stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur í fjármálaráðuneytinu



Héðinn Unnsteinsson
stefnumótunarfræðingur í forsætisráðuneytinu

Stjórnsýslan hefur verið gagnrýnd í kjölfar efnahagshrunsins. Fram hefur komið í opinberum skýrslum að skort hafi frumkvæði, ábyrgð, gagnsæi og fleira sem teljast verður lykileinkenni góðra stjórnhátta. Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands (stjórnarráðslaganefnd) gaf út skýrsluna Samhent stjórnsýsla í desember 2010. Nefndin setti bæði fram ítarlegar tillögur að breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands og almennar tillögur er snúa að stjórnarháttum stjórnsýslunnar.

Tillögur nefndarinnar eiga margt sameiginlegt með tillögum og niðurstöðum sérfræðinganefndar um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Niðurstöðum og tillögum stjórnarráðslaganefndar er ætlað að vera vegvísir stjórnsýslunnar næstkomandi misseri. Ein megintillagan sem kom út úr þessu ferli er að stjórnsýslan þurfi að auka samvinnu, bæði milli ráðuneyta, milli ráðuneyta og stofnana, milli stofnana og síðast en ekki síst milli stjórnvalda og íbúa. Mikilvægt er að stjórnsýslan vinni samhent að framgangi samfélagslegra markmiða fyrir fólkið í landinu.

Annar þáttur sem jafnframt hefur verið fjallað um í kjölfar hrunsins eru vinnubrögð stjórnsýslunnar við stefnumótun og áætlanagerð. Í skýrslunni Samhent stjórnsýsla er bent á ýmsa þætti sem þarf að bæta innan stjórnsýslunnar svo að stefnumótun verði faglegri og betri. Fram kemur í skýrslunni að hlutur stefnumótunar og áætlanagerðar í íslenskri stjórnsýslu er af flestum talinn minni en hann ætti að vera þar sem aðaláhersla ráðuneyta hvílir á eftirliti, frumvarpasmíð og úrlausnum á aðsteðjandi viðfangsefnum. Um þessar mundir er starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins að vinna að því að útfæra samræmt vinnulag fyrir Stjórnarráðið við mótun stefna og áætlana. Þessi vinna er eitt margra veigamikilla verkefna Íslands 2020. Ásamt því að vinna tillögur að nýju vinnulagi, mun starfshópurinn koma með tillögur að því að fækka, einfalda og samhæfa stefnur hins opinbera.

### Leiðir og ávinningur

Meginhlutverk stefnumótunarferlisins er að leiða almannafé að almannahag. Í ljósi þess er vert að skoða hvað hægt er að gera með því að opna stefnumótunarferlið og auka þannig gagnsæi stjórnsýslunnar og samvinnu við íbúa. Þessi þáttur stjórnsýslunnar hefur lengi verið talinn lokaður sérfræðingum og embættismönnum bæði hér á landi og erlendis. Stefnumótun er hins vegar að mörgu leyti tilvalin til að opna stjórnsýsluna enn frekar og auka þar með gagnsæi að vinnubrögð hennar. Tilgangurinn með því að opna stefnumótun hins opinbera á ekki að vera markmið í sjálfu sér, heldur er um að ræða tæki sem hægt er að beita til að bæta stefnumótunarferlið. Ýmsar leiðir er hægt að fara og hafa sumar þjóðir lagt aukna áherslu á að opna stefnumótunarferlið í kjölfar hrunsins, þ.á m. Bretar.

> Búið er að opna vinnulag að miklu leyti við stefnumótun hins opinbera á Íslandi.

Ávinningur af opnari stefnumótun er mismunandi eftir því hvaða leið er valin. Hér verður ekki farið ítarlega ofan í þessi hugtök en vert er að nefna að ávinningurinn kann að vera aukin sameiginleg ábyrgð aðila innan sem utan kerfisins, aukin samvinna þvert á stofnanir, aukið gagnsæi, aukið aðgengi að ráðherrum, markvissara tilraunaferli til að meta afköst og árangur, aukið aðgengi almennings að ákvörðunartöku, valddreifing o.s.frv.

### Íslenska leiðin

Sumir kunna að draga þá ályktun að með því að opna stefnumótunarferlið sé ætlunin að birta öll gögn á netinu og óska eftir ábendingum og athugasemdum frá öllum þeim sem vilja leggja orð í belg. Svo er ekki og myndi stjórnsýslan sjaldnast fara út í slíka aðgerð. Það að opna stefnumótunarferlið felur í sér mikla ábyrgð, sem gera þarf rétt, því ef stjórnvöld eru ekki einlæg í slíku ferli kann góður ásetningur að snúast upp í andhverfu sína. Slíkt opið ferli, sem felur jafnan í sér samráð, hefur oft verið misskilið á þá vegu að stjórnvöld þurfi að fylgja í einu og öllu þeim ábendingum sem koma í gegnum ferlið, en svo er ekki.

Búið er að opna vinnulag að miklu leyti við stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Samráð og aðkoma aðila utan stjórnsýslunnar hefur stóraukist. Algengt form á þessari vinnu er að starfshópar eru skipaðir, utanaðkomandi sérfræðingar eða ráðgjafar stundum kallaðir til, leitað eftir áliti hagsmunaaðila og almennings. Ef umrædd stefna fer fyrir Alþingi kann samráðsferlið að hefjast að hluta til aftur, sérstaklega hvað varðar samtal við hagsmunaaðila auk þess sem öllum er frjálst að koma með ábendingar meðan málið er í meðferð þingnefndar. Tilgangurinn er fyrst og fremst samráð, að gefa sem flestum tækifæri til að koma sínum hugmyndum og athugasemdum á framfæri áður en stefna er endanlega samþykkt. Þetta er bæði gert til að bæta stefnumótunina en oft til að ná fram einhvers konar samkomulagi og sáttum um tiltekna leið.

Mikilvægt er að halda áfram á þeirri leið sem þegar hefur verið mörkuð og skoða hvernig best sé að taka upp nýjar aðferðir sem komið hafa fram á síðastliðnum árum til að auka gagnsæi stjórnsýslunnar með opnari stefnumótun. Þetta er einn þáttur sem starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins mun skoða.



## FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR SUMRINU

Er sumarfríið búið? Ekki láta það á þig fá. Taktu gönguskóna með í vinnuna og nýttu góða veðrið um leið og vinnudegi lýkur. Gakktu á Esjuna, hring í Öskjuhlíðinni eða um nærliggjandi græn svæði. Taktu nesti og borðaðu kvöldmatinn úti í náttúrunni.




ÚTSALA
Í FULLUM GANGI!
NÝ SENDING AF DRÖGTUM!
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



Eirberg


NoseBuddy nefskolunarkannan
Mælt er með nefskolun til að draga úr líkum á kvefi og ofnæmi – og til að auka skýrleika í hugsun!
Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Stórglæsilegur - nýkominn aftur


teg BRILLANT - stærðir : D, DD, E, F, FF, G, GG skálar á kr. 8.680,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



praxis
... þegar þú vilt þægindi
Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.




Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Bonito ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað Laug.




**BÚIN** Júlíönu var fagnað af fjölskyldunni þegar hún kom í mark eftir 55 kílómetra langa þolraun. Hún stefnir á að taka aftur þátt í hlaupinu á næsta ári.
MYND/HRUND ÞÓRSDÓTTIR

# NAUT SÍN Í TÆTLUR

**ÞOLRAUN** *Júlíana Jónsdóttir, hlaupagarpur, tók þátt í Laugavegshlaupinu um helgina. Hlaupið er 55 kílómetra þolraun og er hlaupið á alls kyns undirlendi.*

Júlíana Jónsdóttir hefur æft hlaup í tæp tvö ár og tók þátt í Laugavegshlaupinu í fyrsta skipti um helgina. „Ég naut mín í tætlur, þetta var æðisleg upplifun og afskaplega skemmtilegt. Mér gekk vel fyrstu fjörutíu kílómetrana. Þá fór mér að líða hálfilla, ég held að ég geti kennt kolvetnageli um að mér varð óglatt og kastaði svo upp á bak við runna,“ segir Júlíana hlæjandi.

Hlauparar fá sér bæði vatn og svokallað kolvetnagel á löngum leiðum til að fá hreina orku. Júlíana telur líklegt að hún hafi ekki þolað svo mikið magn af gelinu en hún fékk sér fimm túpur á þessari 55 kílómetra löngu leið. „Ég hef aldrei hlaupið svona langt áður. Ég hljóp maraþon í fyrsta og eina skiptið í Reykjavíkurmaraþoninu í fyrra. Þar var ég að hlaupa með fjórum vinkonum mínum og við vorum eins og hlaupandi saumaklúbbur, skiptumst á uppskriftum og töluðum um barnauppeldi og blöðruðum alla leiðina.“

Júlíana segir Laugavegshlaupið hafa gengið vel. „Mér gekk vel fyrstu fjörutíu kílómetrana. Ég hafði sett mér það markmið að hlaupa á sjö og hálfum tíma og í Emstrum leit út fyrir að ég yrði um sex klukkutíma á leiðinni. Svo þurfti ég að labba um fjóra kílómetra af því mér var svo óglatt en ég náði markmiðinu þó næstum, ég endaði á sjö tímum og 31 mínútu. Ég er varla með harðsperrur eftir hlaupið og líður eins og ég hafi bara labbað á Esjuna. Undirbúningurinn skiptir mjög miklu máli í þessu samhengi. Ef maður er ekki búinn að æfa vel fyrir svona þolraun getur maður einfaldlega skemmt sig líkamlega á þessu. Ég er sátt með árangurinn og hlaupið í heild og stefni á að fara aftur á næsta ári.“

Júlíana hefur æft með hlaupahópi Hauka síðan 2010. „Ég hef verið í íþróttum alla tíð en fannst alltaf leiðinlegt að fara út að hlaupa. Vinnufélagarnir drógu mig á hlaupaæfingu og þegar ég var búin að fara á tvær æfingar var ég búin að skrá mig í Berlínarmaraþonið þar sem ég hljóp hálfmaraþon í byrjun apríl í fyrra.“

Fram undan hjá Júlíönu er þátttaka í Jökulsárhlaupinu, hálfmaraþon í Reykjavíkurmaraþoninu og heilt maraþon í Amsterdam í haust.


lilja.bjork@365.is


## DREGIN Á ÆFINGU

„Vinnufélagarnir drógu mig á hlaupaæfingu og þegar ég var búin að fara á tvær æfingar var ég búin að skrá mig í Berlínarmaraþonið þar sem ég hljóp hálfmaraþon í byrjun apríl í fyrra.“




iittala
Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955


# SLÖKUN MAGNESÍUM GERIR KRAFTAVERK

**HREIN HEILSA KYNNIR** *Slökun var mest selda magnesíum-fæðubótarefnið hérlendis í fyrra. Efnið er leyst upp í vatni og fer strax í gegnum kerfi líkamans.*




Verslunin Mamma veit best í Kópavogi býður upp á fjölbreyttar heilsuvörur í hæsta gæðaflokki. Þar má nefna lífrænan mat, hráfæði, vítamín og snyrtivörur. Ein vinsælasta vara verslunarinnar frá upphafi er þó magnesíum-fæðubótarefnið Slökun, sem var mest selda magnesíum-fæðubótarefnið á Íslandi í fyrra auk þess að vera mest selda varan í Heilsuhúsinu sama ár.




Varan var einnig sú mest selda í heilsubúðum í Bandaríkjunum undanfarin sjö ár.

Hallgrímur Magnússon læknir hefur lengi fylgst með óhefðbundnum lækningum og náttúrulækningum. Hann segir magnesíum vera afar mikilvægt efni fyrir öll efnaskipti líkamans. „Magnesíum er þriðja algengasta efni líkamans á eftir vatni og súrefni. Við hreyfum ekki vöðva eða hugsum eina hugsun án þess að magnesíum komi þar við sögu. Stress, áfengisneysla og streita hefur til dæmis neikvæð áhrif á okkur því líkaminn sötrar magnesíum út úr frumum inn í blóðið til að kæla líkamann og hægja á streitusvöruninni."


Hallgrímur Þ. Magnússon læknir

Magnesíum má finna í ýmsum fæðutegundum, til dæmis dökkgrænu grænmeti, fræjum, hnetum, sjávarfangi og ávöxtum. Hallgrímur bendir þó á að innihald magnesíum sé að minnka í ýmsum matvælum. „Rannsóknir sem gerðar voru í miðríkjum Bandaríkjanna, fyrst árið 1941 og svo aftur árið 1990, sýna að magnesíuminnihald ýmissa grænmetistegunda og kornmetis hefur minnkað um 40%. Það er því minna af magnesíum í grænmeti í dag miðað við þessar rannsóknir. Þetta eru auðvitað rannsóknir frá Bandaríkjunum en ég held að þetta sé svipað í flestum löndum."

Hallgrímur bendir einnig á að rannsóknir frá Bandaríkjunum sýni að 70-80% þjóðarinnar þjáist af magnesíumskorti. Hann getur verið afleiðing af margs konar álagi á líkamann, til dæmis vegna streitu, lyfjaneyslu, ofþjálfunar og of mikillar koffínog sykurneyslu. Ekki sé nógu gott að bregðast við slíku með inntöku magnesíumtaflna því þær leysast upp á misjöfnum stöðum í þörmum líkamans. „Það er langsniðugast að taka magnesíum í fljótandi formi eins og verslunin Mamma veit best selur. Þá er efnið leyst upp í heitu vatni og þannig fer það strax gegnum kerfi líkamans með betri hætti en ef töflur væru teknar inn."

Hallgrímur segir inntöku magnesíums ekki bundna við einn aldurshóp. „Ef ég væri ráðamaður myndi ég setja magnesíum í vatn á Íslandi. Þá taka allir landsmenn það inn. Það er með magnesíum eins og mörg efni í líkamann, við getum ekki fengið of mikið af þeim. Ef magnesíums er neytt í of miklum mæli þá opna nýrun og við pissum aukaefnunum út enda er efnið vatnsleysanlegt."

Hann ítrekar þó að magnesíum sé ekki lyf heldur náttúrulegt efni. Þannig vita þeir sem taka það inn ekki hvort ákveðin einkenni láti undan eftir fáeinar vikur eða jafnvel nokkra mánuði. „Líkaminn veit það einn sjálfur. Sjálfur hef ég tekið inn magnesíum á hverjum degi í langan tíma. Ég er alveg óhræddur við að taka stóra skammta af efninu."

Magnesíum-vörurnar sem Mamma veit best selur eru framleiddar í Bandaríkjunum en seldar víða um heim. Hallgrímur segir mikla vakningu á Vesturlöndum í notkun magnesíum-fæðubótarefna auk annarra fæðubótarefna sem hafa það markmið að bæta heilsu og líðan fólks. Hann segir það til marks um að almenningur hafi ekki sömu trú og áður á lausnum heilbrigðiskerfisins.

### MAGNESÍUM

*Byggir upp og styrkir bein líkamans.*

*Er jafn mikilvægt og kalk til að vinna gegn beinþynningu og eykur líka beinþéttingu.*

*Tekur þátt í yfir 300 lífefnafræðilegum ferlum í líkamanum.*

*Hefur áhrif á stjórnun blóðsykurs, líkamshita og stöðugleika hjartans.*

*Stuðlar að eðlilegri vöðva- og taugastarfsemi.*






## BRJÓSTAGJÖF ALMENN

**Meirihluti íslenskra barna á brjósti.**

**ALGENG OG ALMENN**
Brjóstagjöf er algeng og almenn hér á landi að því er fram kemur í skýrslunni Brjóstagjöf og næring ungbarna 2004-2008 sem má nú nálgast á vef Embættis landlæknis. Þrátt fyrir að hlutfallslega fá börn séu eingöngu á brjósti til hálfs árs aldurs (8%), eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ráðleggur, eru 3/4 allra barna á Íslandi enn á brjósti að einhverju leyti á þessum aldri. Þá virðist þeim börnum fara fjölgandi sem eru lengur á brjósti.

# SJÓNVARPSGLÁP TENGT OFFITU BARNA

**ÁHÆTTUHÓPUR** *Ný rannsókn sýnir fram á að sjónvarpsáhorf ungra barna hefur áhrif á þyngd og úthald þeirra til lengri tíma litið.*

Börn sem að horfa mikið á sjónvarp á aldrinum tveggja til fjögurra ára verða orðin þyngri en þau ættu að vera þegar þau ná tíu ára aldri. Þetta eru niðurstöður kanadískrar rannsóknar sem greint er frá á fréttavef BBC. Ekki er mælt með því að börn horfi lengur á sjónvarpið en tvo klukkutíma á dag því fyrir hverja umfram klukkustund á viku bætist hálfur millímetri við mittismálið.

Fylgst var með 1.314 börnum á aldrinum tveggja til fjögurra ára. Í upphafi horfðu þau að meðaltali í 8,8 klukkustundir á sjónvarpið á viku. Á næstu tveimur árum jókst meðaltalið um sex klukkustundir og við fjögurra ára aldur var meðaltalið komið í 14,8 klukkustundir á viku. Fimmtán prósent þeirra horfðu á sjónvarpið í átján klukkustundir á viku. Þau börn sem horfðu lengst á sjónvarpið höfðu mesta mittismálið við tíu ára aldur.

Mittismálið var ekki það eina sem var kannað heldur einnig styrkur og virkni barnanna. Börn sem höfðu horft mikið á sjónvarpið komu illa út úr því mati.

Nauðsynlegt þykir að rannsaka enn frekar sambandið milli sjónvarpsáhorfs og offitu barna. Matar- og hreyfivenjur lærast á þessum unga aldri og þess vegna er sömuleiðis mikilvægt að fylgjast með hvaða upplýsingar börnin fá í gegnum sjónvarpið og tölvuna.

gunnhildur@365.is



**TVEIR TÍMAR HIÐ MESTA** Ekki er mælt með því að börn horfi lengur á sjónvarpið en tvo klukkutíma á dag.






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**Hreingerningaþjónusta**
Öll almenn þrif, flutningsþrif, gólfbónun, steinteppa, teppahreinsun og stigagangar. S. 842 6522

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja













Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.

Garðaumsjón, sláttur, úðun ofl. með afslætti. Halldór garðyrkjun. S. 698 1215.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

**Regnbogalitir Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







Sólpallar, skjólgirðingar og öll almenn smíðavinna. Góð verð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Tölvur




## Spádómar

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

**Skraddarinn á Horninu Skúlagötu 26**
Opið alla virka daga frá kl. 10-17. Skraddarinn á Horninu, Skúlagötu 26 Sími 552 5540.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



POOL BORÐ til sölu. 9 fet kostar nýtt um 800 þ. Lítið notað. Verð 230 þ. Sími 5374045



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503

Husqvarna Huskylock 936 overlock saumavél til sölu. Uppl. í síma 865-9890

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Æðislegar þunnar peysur í 9 litum. Toppar og kjólar. Flottar vörur frá frá EIK design. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Beagle hvolpar undan vel ættuðum foreldrum eru að leita að góðum heimilum. Verða afhentir heilsufarsskoðaðir, bólusettir, örmerktir og með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í síma 663 2712.

Yndislegur Siberian husky til sölu eða gefins. Nánari uppl. hjá Huldu í S.822-0116.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Tveggja herb. íbúð með flott útsýni á Seltjarnanesi í 3 mán. Leigan 60 þús. á mánuði. Uppl. í s: 868-9374.

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 165 fm iðnaðarpláss í hfj. möguleiki á ýmsum öðrum stærðum allt að 1000 fm. Uppl. í s. 893 9777/862 4685.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Til sölu




## Til sölu



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

## Fasteignir

**Glósalir 4**
201 Kópavogur
Parhús með 4 svefnherbergjum

**Stærð: 171 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 2002**
**Fasteignamat: 40.000.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind



**opið hús í dag frá kl 17:00-17:30**

**Verð: 47.900.000**

Fallegt 171 fm raðhús á góðum stað í salahverfi.
Fjögur svefnherbergi, fallegt útsýni, stórir sólpallar.

Allar upplýsingar veitir Hannes S.699-5008 hannes@remax.is

Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Vesturvör Kóp.- heil húseign til sölu



**Glæsilegt og vandað atvinnuhúsnæði, 1806 fm.**
**með 6 stórar innkeyrsluhurðir,**
**358 fm vandað skrifstofupláss á 2.hæð.**
**1100 fm súlulaus salur með 6,3 mtr. lofthæð**
**og 6 stórum innkeyrsluhurðum.**
**Extra einangrað hús. Malbikuð lóð og góð bílastæði.**
**Mögulegt að skipta húsinu í 3 einingar. Afhending samkomulag.**

**Fyrirtækjasala Ísl. Sími: 520-3500 www.atv.is**




**BBC ENTERTAINMENT** ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. júlí 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2012 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. júlí 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

> Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. júlí 2012

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Þrastanes 18A - Garðabæ

**Glæsilegt einbýlishús**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00**




Glæsilegt og vandað 364,8 fm einbýlishús á tveimur hæðum með möguleika á aukaíbúð á neðri hæð á útsýnisstað á Arnarnesinu. Húsið er byggt árið 1989 og skiptist m.a. í stórt alrými með mikilli lofthæð og góðum gluggum þar sem eru borðstofa og sjónvarpsstofa, rúmgott eldhús, setustofu og arinstofu með frábæru útsýni til Snæfellsjökuls og til sjávar, hjónaherbergi með baðherbergi og fataherbergi og gufubað. Lóðin er eignarlóð 704,0 fm. að stærð, ræktuð og með skjólgóðum veröndum og heitum potti. Hiti í innkeyrslu og stéttum við húsið að stærstum hluta. Þrjú sér bílastæði á lóð. **Verð 89,0 millj.** **Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**64 ÖGMUNDUR JÓNASSON** innanríkisráðherra er 64 ára í dag.

*„Það fólk sem vill ráðskast með aðra hefur alla tíð þvælst fyrir mér.“*

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, bróðir, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JAKOB HELGASON**
**frá Patreksfirði,**
**Hraunvangi 3, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 11. júlí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 19. júlí kl. 13.00.

**Brynhildur Garðarsdóttir**
**Steinunn Lilja Helgadóttir**
**Helgi Einarsson** **Guðrún Þórðardóttir**
**Brynjar Jakobsson** **Hafdís Sigurðardóttir**
**Soffía Jakobsdóttir** **Rögnvaldur Jóhannesson**
**Laura Hildur Jakobsdóttir** **Jónas Ragnarsson**
**afa- og langafabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐNÝ HALLDÓRA ÁRELÍUSDÓTTIR**
**frá Geldingsá,**

lést laugardaginn 23. júní. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til heimahlynninga og starfsfólks lyfjadeildar FSA fyrir hlýhug og framúrskarandi fagmennsku.

**Halldór Ari Brynjólfsson**
**Jón Viðar Brynjólfsson**
**Hilmar Brynjólfsson** **Allý Halla Aðalgeirsdóttir**
**Atli Brynjólfsson** **Sólveig Jónsdóttir**
**Einar Aðalsteinn Brynjólfsson** **Helga Hákonardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**INGIBJÖRG HALLBERA ÁRNADÓTTIR**
**Skólastíg 14, Stykkishólmi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, 14. júlí. Jarðarförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 21. júlí kl. 13.00.

**Sigrún Ársælsdóttir**
**Árdís Sigurðardóttir Dilling** **Arne H. Dilling**
**Sesselja Guðrún Sigurðardóttir** **Guðjón Þorkelsson**
**Sigurborg Inga Sigurðardóttir** **Pétur Jakob Jóhannsson**
**Unnur Sigurðardóttir** **Páll H. Sigvaldason**
**Aðalsteinn Sigurðsson** **Jónína Shipp**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**ELÍN ÞORSTEINSDÓTTIR**
**frá Skógum,**

lést á dvalarheimilinu Hjallatúni miðvikudaginn 11. júlí. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 20. júlí kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasjóð Hjallatúns kt. 430206-1410, rknr. 0317-13-300530.

**Þórunn Þórhallsdóttir** **Vilhjálmur Þór Pálsson**
**Iða Brá Þórhallsdóttir** **Hrafn Antonsson**
**Margrét Þórhallsdóttir** **Pálmar Örn Þórisson**

---

†



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður, afa og bróður,

**KRISTINS KRISTINSSONAR**
**vélfræðings,**
**Dofrabergi 15, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 11E á Landspítalanum við Hringbraut og á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýhug, þið eruð ómetanleg.

**Steinunn Lilja Sigurðardóttir**
**Kristinn Kristinsson**
**Katrín Helga Kristinsdóttir** **Snæbjörn Sigurðsson**
**Guðrún Harpa Kristinsdóttir** **Sigurður Erlendsson**
**Tinna Björk Kristinsdóttir** **Brynjar Rafn Ólafsson**
**barnabörn og systkini.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---

BERGLIND SUNNA STEFÁNSDÓTTIR: AÐSÓKN Á LUNGA EYKST MILLI ÁRA

# Ungir listamenn settir á stall

Listahátíð ungs fólks á Austurlandi, LungA, er nú haldin í þrettánda sinn á Seyðisfirði. Vikulöng gleðin hófst með opnunartónleikum síðastliðið sunnudagskvöld og að sögn Berglindar Sunnu Stefánsdóttur, tónlistarstjóra LungA, er hátíðin í ár fjölmennari og alþjóðlegri en áður.

„Við erum með svolítið mikið af alþjóðlegum þátttakendum í listasmiðjunum og bæði danska og breska kennara sem kenna annars vegar myndbanda- og hins vegar skúlptúrgerð. Einnig eru tveir Frakkar hér og Hollendingar,“ segir Berglind og bætir við að hópur Dana, Finna og Íslendinga vinni í sameiningu að póstkortum út frá hugrenningum sínum um dagskrá hátíðarinnar og fyrirlestri sem Goddur og Pétur Pönk flytja í dag um listir og lýðræði, sem er þema verkefnisins.

Dagskrá LungA er afar þétt og býður upp á sjö listasmiðjur sem hófust í gær. Berglind segir aðsókn þátttakenda hafa aukist mikið milli ára. „Það fylltist í smiðjurnar á innan við tveimur vikum og núna taka 115 manns þátt en í fyrra voru 80 skráðir.“

Hún segir fjölda listunnenda koma án þess að sækja smiðjurnar. „Það eru margir sem hafa tjaldað til að njóta þess að vera í kringum hátíðina, taka þátt í dagskrá utan smiðjanna og teikna úti í náttúrunni,“ segir hún og telur upp fjölskrúðuga viðburði vikunnar. Svo stiklað sé á stóru má nefna tilraunakennda tónleika í kvöld, dansgjörning með Lazyblood á morgun og sýningu danska leikhópsins Völvunnar, sem hefur farið víða um heim.

Hátíðin vekur athygli á ungum íslenskum fatahönnuðum árlega og verður tískusýning fimmtudagskvöldsins með óhefðbundnu sniði. „Hún verður með breyttu ívafi og í formi innsetninga í stórri gamalli fiskverksmiðju en ekki þetta venjulega „catwalk“. Hönnuðirnir hanna sjálfir rýmið og stemninguna svo sýningin kemur okkur jafn mikið á óvart og áhorfendum,“ segir hún.

Föstudagurinn er helgaður myndlist og spretta upp myndlistasýningar víðs vegar um bæinn. Uppskeruhátíð smiðjanna fer svo fram á laugardaginn þar sem þátttakendur sýna vinnu liðinnar viku. Um kvöldið lýkur hátíðinni með tónleikum undir berum himni sem upphefur unga tónlistarmenn. „Fleiri ung bönd spila og mér finnst það aðeins meira í takt við hátíðina því hún gengur út á að gefa ungu fólki færi á að koma fram, gera list og vera skapandi. Þetta gefur hátíðinni heillegri mynd,“ segir Berglind og telur upp Retro Stefson, Hermigervil, Samaris, Sudden Weather Change, Legend og Ojbarasta sem flytjendur.

Mikil skipulagning liggur að baki hátíðinni og hefur Berglind Sunna nærri lagt líf sitt að veði en hún datt við uppsetningu aðalskiltisins og brákaði sig á fæti. Með henni í skipulagsnefnd eru Elísabet Karlsdóttir og Guðmundur Ingi Úlfarsson ásamt þeim Aðalheiði Borgþórsdóttur, þekktri sem mömmu LungA, og Björt Sigfinnsdóttur en tvær síðast nefndu hafa komið að skipulagningu frá upphafi.

hallfridur@frettabladid.is



**SKAPANDI** Berglind Sunna styður sig við hækjur umkringd skipulagsnefnd LungA og nokkrum þátttakendum í smiðjum hátíðarinnar. MYND/ALISA KALYANOV

> hún gengur út á að gefa ungu fólki færi á að koma fram, gera list og vera skapandi.

---

**ÞETTA GERÐIST:** 17. JÚLÍ 1955

## Disneyland opnar í fyrsta sinn



Disneyland-garðurinn í Anaheim í Kaliforníu var opnaður á þessum degi árið 1955 og var sá fyrsti á vegum Walt Disney-samsteypunnar. Aðeins vel valdir gestir og fjölmiðlar voru viðstaddir en viðburðurinn var sendur út um öll Bandaríkin.

Dagurinn gekk ekki hnökralaust fyrir sig þar sem garðurinn var yfirfullur af fólki. Ekki bætti mikill hiti þennan dag úr skák og þornuðu allir gosbrunnar í garðinum upp og nýlagt malbik í garðinum bráðnaði með slæmum afleiðingum fyrir konur á háum hælum. Allur matur kláraðist og gasleki varð til þess að loka varð þremur svæðum garðsins.

Þetta dró ekki úr vinsældum garðsins því frá opnun garðsins hafa á sjötta hundrað milljón manns heimsótt garðinn. Disneygarðurinn í Anaheim er næstvinsælasti Disney-garður í heimi en sá vinsælasti er í Flórída.

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**DRÖFN SIGURGEIRSDÓTTIR**
**Hvammi, Mosfellsbæ,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut 7. júlí. Útför hennar fer fram frá Lágafellskirkju fimmtudaginn 19. júlí kl. 15.00.

**Helgi Ólafsson**
**Böðvar Ari Eggertsson** **Inga Dagný Eydal**
**Ingibjörg Steina Eggertsdóttir** **Magnús Sveinbjörnsson**
**Berglind Helgadóttir** **Karl Emilsson**
**Oddný Edda Helgadóttir** **Bjarki Rafn Albertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Vinur okkar,

**KÁRI SIGURBJÖRNSSON**
**frá Hvammstanga,**

lést á Dvalarheimili aldraðra, Víðihlíð Grindavík, föstudaginn 13. júlí. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, fimmtudaginn 19. júlí, kl. 13.00.

**Óskar Ágústsson**
**Margrét Sigurðardóttir**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför hjartkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**ÓLAFS SVEINSSONAR**
**véltæknifræðings, Hagaseli 32.**

**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Hanna Ólafsdóttir**
**Guðríður Ólafsdóttir** **Ársæll Már Arnarsson**
**Freydís Sif Ólafsdóttir** **Árni Már Rúnarsson**
**Þórdís Jóna Ólafsdóttir**
**og afabörn.**

---

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN FINNBOGASON**
**frá Skálmarnesmúla,**

andaðist 7. júlí sl. á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju, fimmtudaginn 19. júlí kl. 13.00. Jarðsett verður á Skálmarnesmúla.

**Steinunn Pétursdóttir**
**Finnbogi Jónsson** **Þuríður Kristjánsdóttir**
**Kolbrún Jónsdóttir** **Þorvaldur Ottósson**
**Nanna Áslaug Jónsdóttir** **Gísli Ásberg Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**







FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT OG SJÁÐU ALLT BESTA ÍÞRÓTTAEFNI Í HEIMI Í BEINNI ÚTSENDINGU 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** not, **6.** í röð, **8.** af, **9.** frjó, **11.** á fæti, **12.** fita, **14.** starfa, **16.** bókstafur, **17.** angan, **18.** kæla, **20.** hljóm, **21.** áætlun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stagl, **3.** frá, **4.** verkfæri, **5.** til sauma, **7.** áll, **10.** lífshlaup, **13.** fugl, **15.** formóðir, **16.** blaður, **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** gagn, **6.** aá, **8.** frá, **9.** fræ, **11.** il, **12.** skvap, **14.** vinka, **16.** pí, **17.** ilm, **18.** ísa, **20.** óm, **21.** plan.
**LÓÐRÉTT:** **1.** tafs, **3.** af, **4.** gripkló, **5.** nál, **7.** ákvísl, **10.** ævi, **13.** ari, **15.** amma, **16.** píp, **19.** aa.

# Kæra dóttir

**BAKÞANKAR**
**Erlu Hlynsdóttur**



Sagan sem ég ætla alltaf að segja dóttur minni þegar hún verður eldri, fékk skyndilega enn betri endi. Ég var vart orðin ólétt af henni þegar ég fékk fregnir af því að eigandi strippstaðarins Strawberries við Lækjargötu hefði stefnt mér fyrir meiðyrði. Hann stefndi mér, og bara mér, vegna ummæla sem ég hafði orðrétt eftir viðmælanda mínum. Ummælin sem ég var dæmd fyrir voru (samkvæmt Héraðsdómi Reykjavíkur): „Hann [stefnandi] er búinn að bera orðróm út um allan bæ um að það komi enginn með stæla inn á Strawberries því hann sé þar með litháísku mafíuna og að ég hafi bara verið tekinn og laminn þarna inni.“ Þá var ég líka dæmd fyrir að skrifa millifyrirsögnina „Orðrómur um mafíuna“.

**ÞAÐ** var í byrjun desember 2009 sem aðalmeðferð í málinu fór fram. Þetta var í annað skipti sem ég hitti Viðar Má Friðfinnsson, eiganda Strawberries. Hann yrti ekki á mig. Ekki ég á hann. Þarna var ég komin sjö mánuði á leið af dóttur minni. Hún var memm.

**DÓMURINN** varð fljótt ljós. Ég var ekki komin nema ríflega sjö og hálfan mánuð á leið þegar ég fékk að vita að ég hefði verið dæmd fyrir meiðyrði. Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari komst að þeirri niðurstöðu að með því að birta orðrétt ummæli viðmælanda hefði „ég“ haldið því fram að Viðar Már stýrði alþjóðlegum glæpasamtökum. Vegna þessa þurfti ég að greiða Viðari Má miskabætur, og einnig greiða hans lögfræðikostnað vegna málsins. Já, svo þurfti ég einnig að greiða fyrir birtingu dómsorðs í dagblöðum. Dóttir mín kom í heiminn þann 2. janúar 2010, fjórum vikum fyrir tímann. Hún er eins heilbrigð og hugsast getur, þó hún hafi sofið í hitakassa fyrsta sólarhringinn. Ég reyndi að áfrýja málinu til Hæstaréttar en ekki fékkst áfrýjunarleyfi, vegna þess hversu „lítið“ ég þurfti að borga Viðari Má.

**NÚ ÞEGAR** Mannréttindadómstóll Evrópu felldi sinn dóm var dóttir mín orðin tveggja og hálfs. Í Evrópunni er litið svo á að brotið hafi verið á mannréttindum mínum þegar ég fékk ekki að áfrýja. Sjö dómarar þar eru síðan sammála um að engar forsendur hafi verið fyrir efnislegri túlkun dómarans á ummælunum. Það verða nokkur ár þar til dóttir mín fær að heyra þessa sögu. Eftir að dómurinn féll lét ég mér nægja að gefa henni vatn í glas á fæti, skála við hana fyrir þessum merka áfanga, og fá til baka smámælt: „Dál!“

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott

*Barnablús spakmæli*

Það sem drepur þig ekki, styrkir þig í þeirri skoðun að þú vilt ekki lifa af.







# VERTU MEÐ

Taktu þátt í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins um íþróttir. Sendu inn þína mynd sem tengist íþróttum með einum eða öðrum hætti og þú getur unnið miða fyrir tvo til Evrópu!

Skilafrestur á mynd er til klukkan tólf á hádegi þann 18. júlí. Vinningsmyndin verður á forsíðu helgarblaðsins þann 21. júlí og sigurvegarinn fær að auki tvo flugmiða til einhvers af áfangastöðum WOW Air. Annað og þriðja sæti fá miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið.

Sendu inn mynd á ljosmyndakeppni@frettabladid.is





WOW air FRÉTTABLAÐIÐ


KVIKMYNDIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM!
græna ljósið
-betra bíó
★★★★
„Bætir, hressir og kætir.“
- Haukur Viðar Alfreðsson, Fréttablaðið
★★★★
„Heillandi leikur og falleg saga.“
- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið
BYGGÐ Á SANNRI SÖGU
François Cluzet Omar Sy
Intouchables
Kvikmynd eftir Olivier Nakache og Eric Toledano
SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI OG LAUGARÁSBÍÓI




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.40 - 5.50 | L |
| ÍSÖLD 4 3D ENSK. ÓTEXT | KL. 8 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| TED | KL. 3.30 -5.45 -8 -10.20 | 12 |
| TED LÚXUS | KL. 8 -10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL. 5 | 10 |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 10.10 | 10 |
| WHAT TO EXPECT | KL. 8 | L |
| PROMETHEUS 3D | KL. 10.25 | 16 |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.5.50 | L |
| TED | KL. 8 – 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL 6 - 9 | 10 |
| STARBUCK | KL. 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| WHAT TO EXPECT | KL 10.25 L MIB KL. 5.30 | 10 |

**BORGARBÍÓ** ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3D | KL. 6 | L |
| TED | KL. 8 - 10 | 12 |
| SPIDERMAN 3D | KL. 8 - 10.30 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 6 | 12 |

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — AUKAKRÓNUR 5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ Intouchables — MADAGASKAR 3 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TED | 5.50, 8, 10.15 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D | 4, 6 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 10.20 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4 |

SAMBÍÓIN — SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE VIP | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| ICE AGE 4 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| ICE AGE 4 ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 3D | L |
| ICE AGE 4 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | L |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CHERNOBYL DIARIES | kl. 10:30 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | kl. 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SNOW WHITE | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 1:30 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| DREAM HOUSE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

**SAMBÍÓIN SELFOSSI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| LOL | kl. 6 - 8 | 2D | 12 |
| SAFE | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| TED | kl. 5:20 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| AMAZING SPIDER-MAN | kl. 8 - 10:40 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN | kl. 5:20 - 10 | 2D | 10 |
| CHERNOBYL DIARIES | kl. 8 | 2D | 16 |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | kl. 3 - 6 | 3D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | kl. 4 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | kl. 3 - 4 - 6 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| LOL | kl. 8 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES | kl. 10:10 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN | kl. 10:20 | 3D | 10 |
| ICE AGE 4 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ Í DAG




**RUSSELL CROWE** Nýsjálenski sjarmörinn leikur Nóa. Hans bíður því ærið verkefni að smíða örk sem þarf að rúma allar dýrategundir jarðar. Crowe ku vera kominn til landsins ásamt fjölskyldu sinni.



**JENNIFER CONNELLY** Kona Nóa verður túlkuð af hinni fögru og hæfileikaríku Jennifer Connelly.



**RAY WINSTONE** Ray Winstone verður vondi karlinn í myndinni um Nóa. Það fer honum ansi vel.



**EMMA WATSON** Harry Potter-stjarnan fer með hlutverk Ilu, sem sonur Nóa fellur fyrir.



**DARREN ARONOFSKY** Leikstjóri Noah hefur stýrt stórmyndum á borð við Black Swan og The Wrestler.



**ANTHONY HOPKINS** Metúsalem, afi Nóa, verður leikinn af Anthony Hopkins. Hann er eflaust elsta persóna sem Hopkins hefur túlkað, 969 ára.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Innrásin frá Hollywood

**Ljóst er að brostið hjarta leikarans Toms Cruise mun ekki fæla erlent kvikmyndagerðarfólk frá landinu.**

Kvikmyndirnar Noah og The Secret Life of Walter Mitty verða teknar upp hér á landi innan tíðar og það má því búast við innrás leikara frá Hollywood til landsins.

Fréttablaðið tók saman þekktustu nöfnin í myndunum tveimur en það er aldrei að vita nema vegfarendur taki eftir þessum andlitum á röltinu næstu vikur og mánuði.



**ADAM SCOTT** Hann er með heitari gamanleikurum í Hollywood í dag enda afar skemmtilegur.



**BEN STILLER** Stiller er staddur hér á landi og var áberandi í Reykjavík um helgina. Hann fer með aðalhlutverk, leikstýrir og framleiðir myndina The Secret Life of Walter Mitty. Þá sást hann á Seltjarnarnesi í gær en hann var einnig á vappi þar þegar hann kom fyrst til landsins að skoða tökustaði fyrir skömmu.



**KATHRYN HAHN** Margir þekkja hana úr sjónvarpsþáttunum Girls sem hafa slegið í gegn.



**SEAN PENN** Stórleikarinn er enn þá aðeins orðaður við hlutverk í The Secret Life of Walter Mitty.



**SHIRLEY MACLAINE** Óskarsverðlaunaleikkonan Shirley MacLaine gæti verið á leiðinni til landsins.



**KRISTEN WIIG** Hún sló í gegn í Bridesmaids og fer með stórt hlutverk í mynd Bens Stiller.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

ÞRIÐJUDAGUR: RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00

FRÁ 25. JÚLÍ: RAMPART með Woody Harrelson!

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

# Hannar eigin fatalínu

Söngkonan Rihanna er ekki við eina fjölina felld; hún lék í sinni fyrstu kvikmynd á árinu og nú hyggst hún hanna fatalínu fyrir tískumerkið River Island. „Mig hefur lengi langað að hanna mína eigin fatalínu. River Island er hinn fullkomni samstarfsaðili og mér þótti eftirsóknarvert að vinna með bresku, fjölskyldureknu fyrirtæki,“ sagði Rihanna í tilkynningu um málið. „London veitir mér innblástur og River Island hannar skemmtilegan fatnað. Ég hlakka til að vinna með þeim og skapa eitt og annað alveg sérstakt.“ Áætlað er að fatalína Rihönnu komi í verslanir vorið 2013.



**HANNAR FÖT** Rihanna ætlar í samstarf við River Island og hannar fatalínu fyrir fyrirtækið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lopez hyggst leika meira

Söng- og leikkonan Jennifer Lopez hætti sem kunnugt er sem dómari í raunveruleikaþættinum American Idol í síðustu viku. Hún segist í nýlegu viðtali ætla að halda áfram að einbeita sér að tónlistinni, ásamt því að koma sér aftur í kvikmyndir.

„Ég sakna þess að leika í kvikmyndum,“ sagði hún. „Síðustu misseri hef ég einbeitt mér að tónlistinni, með dómarastarfinu í American Idol. Það virkaði vel saman.“

Áður en Lopez getur helgað sig kvikmyndaleik þarf hún að stíga nokkrum sinnum á svið og syngja en í sumar fer hún í tónleikaferðalag með Enrique Iglesias. Þá sendir hún frá sér plötu með bestu- og vinsælustu lögum sínum á næstunni.



**AFTUR Í BÍÓ** Jennifer Lopez ætlar að leika í kvikmyndum í framtíðinni.



**EIGNAÐIST DÓTTUR** Uma Thurman eignaðist dóttur á mánudag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Uma eignaðist dóttur

Leikkonan Uma Thurman eignaðist dóttur með unnusta sínum, viðskiptamanninum Arpad Busson. Stúlkan fæddist á mánudag og heilsast móður og barni vel að sögn talsmanns Thurman.

Thurman og Busson hófu samband sitt árið 2007 en hættu saman tveimur árum síðar. Árið 2011 tóku þau saman á ný og trúlofuðu sig stuttu síðar. Thurman á fyrir dótturina Maya Ray og soninn Levon Roan með leikaranum Ethan Hawke og Busson á tvo syni með fyrirsætunni Elle Macpherson.



**HEILBRIGÐUR** Elton er heppinn að hafa ekki smitast af HIV-veirunni.

# Heppnastur í heimi

Söngvarinn Elton John játaði að hafa á sínum yngri árum stundað kynlíf í gríð og erg án þess að nota verjur. Þetta var í viðtali við Matt Lauer sem sýnt verður á NBC-sjónvarsstöðinni í dag og á morgun.

Stórstjarnan hefur eytt miklu púðri í að predika öruggt kynlíf og staðið fyrir miklum herferðum til að vekja athygli á alnæmi. „Þegar maður tekur eiturlyf og drekkur mikið þá telur maður sig vera ósigrandi. Ég komst út úr þessum kafla lífs míns án þess að smitast af HIV. Ég er heppnasta manneskja í heimi,“ segir hann í viðtalinu.


Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI

Dönsku astma- og ofnæmissamtökin

Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral



STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við Neutral Storvask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.



HAFÐU ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum og dúnúlpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.



NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í tísku þessa dagana.



*Létt er að flokka litríka sokka.*

*Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.*

NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímin í Neutral Hvid vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því líka vel í handþvottinn.



HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svolítið af Neutral Color í hólfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NEUTRAL.IS

ÍSLENSKA SIA.IS NAT 59944 05.2012

# sport

sport@frettabladid.is



**HELENA ÓLAFSDÓTTIR** lét í gær af störfum sem þjálfari meistaraflokks kvenna hjá FH í knattspyrnu. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að Helena hafi hætt að eigin ósk. FH-ingar, sem sitja í 7. sæti Pepsi-deildar kvenna, taka á móti Aftureldingu í kvöld klukkan 19.15 en á sama tíma eigast við Fylkir og Breiðablik. Klukkan 18 mætast hins vegar Valur og ÍBV á Hlíðarenda þar sem danska landsliðskonan Johanna Rasmussen gæti spilað sinn fyrsta leik með Valskonum.

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild karla

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **11** | **7** | **2** | **2** | **23-14** | **23** |
| FH | 10 | 6 | 2 | 2 | 28-12 | 20 |
| **Stjarnan** | **11** | **5** | **5** | **1** | **24-18** | **20** |
| ÍBV | 10 | 5 | 2 | 3 | 20-11 | 17 |
| **ÍA** | **11** | **5** | **2** | **4** | **18-22** | **17** |
| Fylkir | 11 | 4 | 4 | 3 | 14-19 | 16 |
| **Keflavík** | **11** | **4** | **3** | **4** | **19-16** | **15** |
| Valur | 11 | 5 | 0 | 6 | 16-15 | 15 |
| **Breiðablik** | **11** | **4** | **3** | **4** | **9-13** | **15** |
| Fram | 11 | 3 | 0 | 8 | 13-19 | 9 |
| **Selfoss** | **11** | **2** | **2** | **7** | **13-24** | **8** |
| Grindavík | 11 | 1 | 3 | 7 | 15-29 | 6 |

**MARKAHÆSTIR**

| | |
|---|---|
| Björn Daníel Sverrisson, FH | 6 Mörk |
| Kjartan Henry Finnbogason, KR | 6 Mörk |
| Atli Guðnason, FH | 6 Mörk |
| Christian Steen Olsen, ÍBV | 6 Mörk |
| Guðmundur Steinarsson, Keflavík | 5 Mörk |

**ÍA 4-0 Selfoss**

Akranesvöllur, áhorf.: 1.017 — Gunnar Jarl Jónsson (8)

**1-0 Kári Ársælsson (13.), 2-0 Arnar Már Guðjónsson (57.), 3-0 Jón Vilhelm Ákason, 4-0 Arnar Már Guðjónsson**

**Skot (á mark):** 16-8 (10-2)
**Varin skot:** Árni Snær 2 - Ismet 5

**ÍA (4-3-3):** Árni Snær Ólafsson 6 - Guðmundur Böðvar Guðjónsson 6, Ármann Smári Björnsson 7, Kári Ársælsson 7, Einar Logi Einarsson 6 (40., Aron Ýmir Pétursson 6) - Jóhannes Karl Guðjónsson 7, Arnar Már Guðjónsson 7, Jón Vilhelm Ákason 7 (82., Hallur Flosason -) - Dean Martin 5 (70., Eggert Kári Karlsson 5), Andri Adolphsson 7, ***Gary Martin 8**

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 3 - Endre Ove Brenne 3, Bernard Petrus Brons 3, Agnar Bragi Magnússon 4, Robert Sandnes 4 - Jon Andre Röyrane 3 (65., Joe Tillen 5), Babacar Sarr 4 (37., Ingólfur Þórarinsson 4), Ólafur Karl Finsen 4 (65., Tómas Leifsson 4), Moustapha Cisse 5, Jón Daði Böðvarsson 5 - Abdoulaye Ndiaye 4.

* MAÐUR LEIKSINS

**Fylkir 2-1 Grindavík**

Árbæjarvöllur, áhorf: óuppg. — Vilhjálmur Alvar (6)

**0-1 Daníel Leó Grétarsson (17.), 1-1 Ingimundur Níels Óskarsson (54.), 2-1 Ingimundur Níels Óskarsson, víti (85.)**

**Skot (á mark):** 11-7 (4-3)
**Varin skot:** Bjarni Þórður 2 - Óskar 2

**FYLKIR (4-4-2):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Andri Þór Jónsson 5 (45., Oddur Ingi Guðmundsson 6), Davíð Þór Ásbjörnsson 5, David Elebert 6, Tómas Þorsteinsson 6 - ***Ingimundur Níels Óskarsson 8**, Finnur Ólafsson 7, Elís Rafn Björnsson 6, Kjartan Ágúst Breiðdal 6 - Jóhann Þórhallsson 4 (61., Magnús Þórir Matthíasson -), Árni Freyr Guðnason 6 (90., Andri Már Hermannsson -).

**GRINDAVÍK (5-3-2):** Óskar Pétursson 6 - Ray Anthony Jónsson 5, Matthías Örn Friðriksson 6, Ólafur Örn Bjarnason 6, Björn Berg Pryde 5, Daníel Leó Grétarsson 6, - Marko Valdimar Stefánsson -(29. Pape Mamadou Faye 5), Alex Freyr Hilmarsson 6, Óli Baldur Bjarnason 5, - Hafþór Ægir Vilhjálmsson 5, Magnús Björgvinsson 6.

**Stjarnan 1-1 Breiðablik**

Samsung-völlur, áhorf.: 932 — Þorvaldur Árnason (6)

**0-1 Arnar Már Björgvinsson (40.), 1-1 Halldór Orri Björnsson (71.)**

**Skot (á mark):** 11-5 (4-2)
**Varin skot:** Ingvar Jónasson 1 - Ingvar Kale 3

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 6 - Jóhann Laxdal 7, Tryggvi Sveinn Bjarnason 5, Daníel Laxdal 6, Hörður Árnason 5 - Alexander Scholz 5, Atli Jóhannsson 6 (60. Baldvin Sturluson 5), ***Halldór Orri Björnsson 7** - Kennie Knak Chopart 6, Ellert Hreinsson 5 (62. Hilmar Þór Hilmarsson 5), Garðar Jóhannsson 6.

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 5 - Gísli Páll Helgason 6, Þórður Steinar Hreiðarsson 5, Sverrir Ingi Ingason 6, Kristinn Jónsson 7 - Finnur Orri Margeirsson 6, Andri Rafn Yeoman 6, Olgeir Sigurgeirsson 5 ( 72. Rafn Andri Haraldsson 5) - Arnar Már Björgvinsson 7 (78. Jökull I Elísabetarson -), Tómas Óli Garðarsson 5, Elfar Árni Aðalsteinsson 4.

* MAÐUR LEIKSINS

# Skagamenn kafsigldu Selfyssinga

**Selfyssingar sáu ekki til sólar í nýliðaslagnum þar sem Skagamenn unnu loks sigur og lyftu sér í 5. sæti deildarinnar. Ingimundur Níels Óskarsson skoraði tvívegis í síðari hálfleik og tryggði Fylki sigur á vængbrotnu liði Grindavíkur. Stjörnumönnum mistókst að nýta sér töpuð stig KR og FH gegn Breiðabliki.**

**FÓTBOLTI** Stjarnan og Breiðablik gerðu 1-1 jafntefli í 11. umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu í gær en leikurinn fór fram á Samsung-vellinum í Garðabæ. Arnar Már Björgvinsson kom Blikum yfir í fyrri hálfleiknum en það var Halldór Orri Björnsson sem jafnaði metin fyrir heimamenn beint úr aukaspyrnu í þeim síðari.

„Við erum ekki sáttur með þessu úrslit en áttum bara ekkert meira skilið út úr þessum leik," sagði Halldór Orri Björnsson, leikmaður Stjörnunnar, eftir jafntefli í gær.

„Við lékum skelfilega í fyrri hálfleiknum og það var kannski rétt í lokin sem liðið náði sér almennilega á strik. Það vantaði allt í fyrri hálfleiknum, við vorum ekki að tala saman og menn lögðu sig ekki nægilega mikið fram."

Halldór Orri skoraði frábært mark fyrir Stjörnuna beint úr aukaspyrnu. „Það kom aldrei neitt annað til greina en að ég myndi taka þessa spyrnu. Ég hef beðið í allt sumar eftir að fá aukaspyrnu á þessum stað og auðvitað klíndi ég boltanum í netið."

### ÍA fór létt með Selfoss

ÍA er komið á sigurbraut á ný eftir aðeins tveggja stiga uppskeru í síðustu sex leikjum. ÍA rúllaði yfir Selfoss 4-0 í nýliðaslagnum á Akranesi í gær eftir að staðan var 1-0 í hálfleik.

Eins og tölurnar gefa til kynna voru yfirburðir ÍA í leiknum miklir og þó aðeins hafi munaði eitt mark í hálfleik hefði ÍA hæglega getað verið búið að gera út um leikinn á þeim tímapunkti.

Selfoss hóf seinni hálfleikinn af krafti en ÍA skoraði úr sinni fyrstu sókn í seinni hálfleik og eftir það átti Selfoss enga von.

„Þeir ætluðu að keyra á okkur og jafna þetta strax en við vorum grimmir og átum þá og skoruðum annað markið og það fór illa í þá," sagði Þórður Þórðarson, þjálfari ÍA, í leikslok.

„Einkenni góðra liða er að refsa og við vorum gott lið í þessum leik. Við vorum á tánum, berjumst og spilum fallegan bolta," sagði Þórður.

Að lok leiknum bárust þau tíðindi að Gary Martin hefði leikið sinn síðasta leik fyrir Skagamenn en hann er á leið til liðs við Íslandsmeistara KR.

### Ingimundur tryggði Fylki þrjú stig

Fylkir vann góðan 2-1 sigur á botnliði Grindavíkur í gærkvöld.

Daníel Leó Óskarsson, ungur leikmaður Grindavíkur, kom sínum mönnum í forystu snemma í fyrri hálfleiknum með fínu marki.

Leikurinn var virkilega fjörugur í kjölfarið og fengu bæði lið möguleika til þess að skora mörk en inn vildi boltinn ekki og staðan því 0-1, gestunum í vil, í hálfleik.

Síðari hálfleikurinn var bragðdaufur en það var Ingimundur Níels Óskarsson sem gerði gæfumuninn og skoraði bæði mörk Fylkis. Fyrri markið var eftir gott skot fyrir utan vítateig og það síðara úr vítaspyrnu.

Ingimundur var ánægður í leikslok og bjartsýnn á komandi gengi liðsins.

„Við erum bjartsýnir fyrir síðari umferðina. Okkur finnst að við ættum að vera með fleiri stig en raun ber vitni og við stefnum að sjálfsögðu ofar í töflunni," sagði Ingimundur í leikslok. **-sáp, gmi, shf**



**SVEKKJANDI** Hinn sextán ára Daníel Leó Grétarsson breyttist úr hetju í skúrk á Árbæjarvelli í gær. Daníel kom gestunum yfir í fyrri hálfleik en braut svo klaufalega á sér í eigin vítateig en augnablikið afdrifaríka má sjá á myndinni hér fyrir ofan. Ingimundur Níels Óskarsson skoraði sigurmark Fylkis úr vítaspyrnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR-ingar mæta finnsku meisturunum HJK frá Helsinki í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í dag:

# Þekktir fyrir sóknarbolta í Evrópukeppni

**FÓTBOLTI** KR-ingar mæta HJK í fyrri viðureign liðanna í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu í Helsinki í dag. Vesturbæingar héldu til Finnlands í gærmorgun og æfðu á Sonera-leikvanginum seinnipartinn.

„Aðstæður eru fínar en það er að vísu grenjandi rigning," sagði Grétar Sigfinnur Sigurðarson, miðvörður KR-inga, að loknni æfingu liðsins í gær. „Leikvangurinn er mjög flottur. Þetta er að vísu gervigras sem er pirrandi en maður þekkir það alveg," segir Grétar en KR-ingar eiga góðar minningar frá Evrópukeppni undanfarinna ára.

Liðið sló út fyrsta andstæðing sinn í forkeppni Evrópudeildar árið 2009 og 2010 og gerði gott betur í fyrra. Þá fengu færeyskir og slóvakískir andstæðingar að kenna á KR-ingum áður en Dinamo Tbilisi frá Georgíu reyndist of stór biti í 3. umferð.

HJK hefur 24 sinnum orðið finnskur meistari og þykir líklegt til afreka gegn Íslandsmeisturunum.

„Auðvitað eiga þeir að vera betri en við höfum verið að vinna góð lið í Evrópukeppnunum. Það þarf góða stemningu og það getur allt gerst," segir Grétar, sem segir KR-inga hafa kynnt sér mótherjana vel. Upptaka með leik þeirra hafi gengið á milli leikmanna auk þess sem liðið hafi fundað með þjálfurum.

HJK vann finnsku deildina með yfirburðum í fyrra en situr í 2. sæti að loknum sautján umferðum í ár. Liðið hefur hikstað að undanförnu og ekki unnið sigur í síðustu fimm leikjum sínum.

„Við verðum væntanlega rólegir til að byrja með en það fer að einhverju leyti eftir veðrinu. Við erum þekktir fyrir að spila sóknarbolta í Evrópudeildinni en við verðum að sjá hvernig aðstæður verða," segir Grétar Sigfinnur sem reiknar með Íslendingum á leikvanginum sem tekur tæplega ellefu þúsund í sæti.

„Það er Íslendingafélag hérna í Helsinki og mér skilst að um tuttugu Íslendingar ætli að mæta á völlinn."

KR-ingar verða án varnarmannsins Gunnars Þórs Gunnarssonar og Kjartans Henry Finnbogasonar í leiknum í dag en tvímenningarnir glíma við meiðsli.

„Kjartan er auðvitað gæðaframherji og slæmt fyrir okkur að vera án hans, ekki aðeins í Meistaradeildinni heldur í deild og bikar líka," segir Grétar.

Leikur HJK og KR hefst klukkan 16 í dag og verður lýst beint í KR-útvarpinu, FM 98,3. **- ktd**



**LYKILMAÐUR** Mikið mun mæða á Óskari Erni Haukssyni í kvöld ekki síst í fjarveru Kjartans Henry. Óskar Örn fór á kostum líkt og félagar hans í KR í 3-0 sigri á Zilina frá Slóvakíu í Evrópudeildinni í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

## Sérstakur á alla vegu

# RAV4 SPECIAL EDITION




Við kynnum hinn sívinsæla RAV4 í nýrri viðhafnarútgáfu. RAV4 Special Edition býr ekki aðeins yfir öllum þeim kostum sem íslenskir ökumenn hafa kynnst í innanbæjar- og utanbæjarakstri á RAV4 í fjölda ára. Hann er jafnframt einstaklega vel útbúinn jepplingur og gerir drjúgum meira en að uppfylla kröfur þeirra sem vilja upplifa eitthvað alveg sérstakt. Með Rav4 Special Edition fylgir þessi aukabúnaður:

- Toyota Touch
- Bakkmyndavél
- Dráttarbeisli
- Heilsársdekk
- Bluetooth
- Lyklalaust aðgengi
- Húddhlíf
- Aurhlífar
- Gluggavindhlífar

Verð 6.470.000 kr.*

5 ÁRA ÁBYRGÐ

TOYOTA TOUCH

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Rav4 Special Edition sjálfskiptur með 2.0 l bensínvél. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

> Stöð 2 kl. 20.25

## The Big Bang Theory

***Snillingarnir í The Big Bang Theory halda áfram að skemmta áhorfendum á Stöð 2 í kvöld. Leonard fær frábæra hugmynd að nýju „appi“ fyrir snjallsíma og biður félagana um að aðstoða sig en það endar með ósköpum og gæti leitt til vinslita.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR ER MEÐ AUMA SÁL

# *Viðkvæmt lítið blóm*

Ég verð nú seint þekkt fyrir mikla hörku eða þykkan skráp. Það speglast mikið til í sjónvarps- og tónlistarsmekk mínum. Ég man enn eftir því þegar ég horfði óvart á brot úr X-Files-þætti þegar ég var svona tíu ára. Stundum þegar ég loka augunum sé ég enn þá ógeðslega geimveru reyna að brjóta sér leið úr maga fallegu konunnar sem hún hafði tekið sér bólfestu í. Um daginn sat ég undir stöðvarápi sambýlingsins sem endaði á sænskri mynd á RÚV. Á þeim sjö mínútum sem ég entist yfir myndinni sá ég útúrdópaða mömmuna lemja barnunga syni sína og þá bregðast við með því að hella sig fulla og hækka tónlistina til að kæfa grátur minnsta bróðurins. Þeir vöknuðu svo í þynnkubaði daginn eftir og sá elsti fór til þess yngsta með pela en fann hann látinn. Þá gafst ég upp og kveikti á Notebook í tölvunni! Sagan um ástina sem sigrar allt klikkar aldrei!



Ég kann illa við lög sem innihalda blótsyrði, níðingar eða of hraðan texta (nema í Spice Girls laginu If You Wanna Be My Lover því ég fyllist alltaf stolti yfir að geta „rappað“ með því). Kántrýlög um hjartaflækjur eða fólk sem hefur fundið rétta leið í lífinu á ný eru í sérstöku uppáhaldi. Ég hef grátið yfir fallegum textum listamanna á borð við Sugarland, Carrie Underwood eða Lady Antebellum oftar en hægt er að deila með alþjóð.

Ég skil ekki af hverju fólk er yfir höfuð að búa til ljóta hluti.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sveiflan sem sigraði heiminn **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Eins og eldur **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tríó **19.40** Náttúrupistlar **20.00** Leynifélagið **20.30** Útvarpsleikhúsið: Hulin augu **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Þrítugasta kynslóðin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Að apa og skapa **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (Army Wives)
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Skúli skelfir**
**17.53 Kafað í djúpin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (6:8) (Mundi vondi fatahönnuður) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 2012** (6:7) (Twenty Twelve)
**20.05 Litbrigði lífsins** (3:10) (Lark Rise to Candleford) Myndaflokkur frá BBC byggður á skáldsögum eftir Floru Thompson sem segja frá lífinu í sveitaþorpunum Lark Rise og Candleford í Oxfordskíri upp úr 1880.
**21.00 Gulli byggir – Í Undirheimum** Gulli Helga fjallar um viðhald húsa og kennir réttu handtökin við flísalagningu og fleira.
**21.30 Golfið** Þættir um golfíþróttina.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Leyndardómur hússins** (1:5) (Marchlands) Breskur myndaflokkur um þrjár fjölskyldur sem búa í sama húsinu árið 1968, 1987 og í nútímanum. Dularfullt lát ungrar telpu tengir sögu fjölskyldnanna saman. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Popppunktur** (2:8) (Skátar - Tölvunördar) (e)
**00.10 Líf vina vorra** (2:10) (Våra vänners liv) (e)
**01.10 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 That Thing You Do!**
**10.00 Her Best Move**
**12.00 Fame**
**14.00 That Thing You Do!**
**16.00 Her Best Move**
**18.00 Fame**
**20.00 Platoon**
**22.00 The Hitcher**
**00.00 Them**
**02.00 Severance**
**04.00 The Hitcher**
**06.00 Quantum of Solace**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.45 Malcolm in the Middle** (12:16)
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (101:175)
**10.15 The Wonder Years** (9:24)
**10.45 The Middle** (22:24)
**11.15 Hot In Cleveland** (5:10)
**11.45 The Amazing Race** (5:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (25:40) (26:40)
**15.00 Sjáðu**
**15.25 iCarly** (6:45)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (20:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Simpson-fjölskyldan** (21:22)
**19.40 Arrested Development** (17:18)
**20.00 Two and a Half Men** (21:24)
**20.25 The Big Bang Theory** (12:24)
**20.50 How I Met Your Mother** (15:24)
**21.15 Bones** (3:13) Sjöunda þáttaröðin þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan, réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í flóknustu morðmálum.
**22.00 Girls** (6:10)
**22.30 Eastbound and Down** (7:7)
**23.00 New Girl** (22:24)
**23.25 2 Broke Girls** (10:24)
**23.50 Drop Dead Diva** (6:13)
**00.35 Gossip Girl** (22:24)
**01.20 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (6:7)
**02.15 Entourage** (12:12)
**02.55 Breaking Bad** (12:13)
**03.40 Love Bites** (2:8)
**04.25 Hung** (3:10)
**04.55 The Big Bang Theory** (12:24)
**05.15 How I Met Your Mother** (15:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**18.00 Pepsi deild kk: Valur - FH**
**19.50 Pepsi mörkin**
**21.00 Tvöfaldur skolli** Skemmtilegur golfþáttur þar sem Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum.
**22.00 Arnold Classic**
**22.40 FA bikarkeppnin: Liverpool - Man. Utd.**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Wigan - Arsenal**
**19.40 PL Classic Matches: Blackburn - Liverpool, 1995**
**20.10 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu hliðum.
**20.40 QPR - Blackburn**
**22.25 Chelsea - Man. City**

## 2 EXTRA

**19.35 The Doctors** (159:175)
**20.15 Hawthorne** (2:10)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Glee** (14:22)
**22.35 Suits** (6:12)
**23.20 Silent Witness** (10:12)
**00.15 Supernatural** (20:22)
**00.55 Hawthorne** (2:10)
**01.40 Íslenski listinn**
**02.05 Sjáðu**
**02.30 The Doctors** (159:175)
**03.10 Fréttir Stöðvar 2**
**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Eldhús sannleikans** (10:10) (e)
**16.15 Innlit/útlit** (8:8) (e)
**16.45 Life Unexpected** (11:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Live To Dance** (3:8) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (17:48) (e)
**19.30 30 Rock** (17:23) (e)
**19.55 Will & Grace** (25:27) (e)
**20.20 Seven Ages of Marriage** Skemmtilegur þáttur þar sem breska sjónvarpskonan Cherry Healey hittir sjö ólíkar konur með sjö ólíkar sögur og viðhorf til hjónabands. Hún leitar svara við tveimur spurningum: Hvers vegna vilja konur gifta sig og hvenær er rétti tíminn eða aldurinn til að giftast?
**21.10 Design Star** (3:9)
**22.00 Unforgettable** (13:22)
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 In Plain Sight** (12:13) (e)
**00.15 Teen Wolf** (6:12) (e)
**01.05 Unforgettable** (13:22) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** John Derre Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** The Scottish Open (2:2) **15.00** John Derre Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (26:45) **19.45** The Scottish Open (2:2) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2009 **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **07.35** My Family **08.35** Dalziel and Pascoe **10.05** Deal or No Deal **10.45** EastEnders **11.15** Extreme Makeover: Home Edition **11.55** QI **12.55** Keeping Up Appearances **13.55** My Family **14.55** The Best of Top Gear **15.45** QI **16.45** Extreme Makeover: Home Edition **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Nighty Night **21.45** Live at the Apollo **22.29** The Best of Top Gear **23.24** The Graham Norton Show

## DR 1

**12.30** 80'erne tur retur **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies Storbritannien **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Lille Nørd **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Ønskehaven **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **17.45** Sommervejr **18.00** Hammerslag **18.30** So F***ing Special **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.30** SportNyt **19.40** Kommissæren og havet **21.10** Lulu og Leon **21.55** Damages **22.35** Arvingen til Glenbogle

## NRK 1

**13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Norsk attraksjon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** Herskapelig redningsaksjon **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Frå Lark Rise til Candleford **21.15** Kveldsnytt **21.30** I skotlinja **22.20** Hvem tror du at du er? **23.00** Herskapelig redningsaksjon **23.45** Grønn glede

## svt1

**11.50** Humor godkänd av staten **12.00** Åke och hans värld av formgivning **12.30** Supé för två **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Ett annat sätt att leva **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Sidenvägen på 30 dagar **17.00** Semester, semester, semester **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Livet utan dig **20.10** Extra gnälligt **20.40** Rapport **20.45** Strebern **22.35** Den stora kustresan **23.15** Rapport

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Gott verð í dag

## Núna kr. 2.390.000

**Losnaðu við gamla bílinn**
Núna er tækifærið að losna við þann gamla.
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda.
Gerðu verðsamanburð.
Komdu á Bíldshöfða 8.




Frítt í stæði

Gott verð í dag
**2.390.000 kr.**
**Mazda2 Advance 5 dyra**
1,3i bensín. 84 hö. Beinskiptur
**Fáanlegur sjálfskiptur.**
Eldsneytisnotkun 5,0 l/100 km
Koltvísýringur $CO_2$ 115g/km
**Verð kr. 2.390.000**
**Mánaðargreiðsla kr. 25.744***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,55%

# Tryggðu öryggi þitt – alltaf

# Kauptu Mazda2

**Gerðu örugg kaup með Mazda:**
Mazda2 er öruggur smábíll. 5 stjörnur í öryggisprófunum hjá EuroNCAP. Bilanatíðni Mazda er lág, rekstrarkostnaður lágur og hann er frábær í endursölu. Sportlegt útlit og góðir aksturseiginleikar veita ökumönnum öryggistilfinningu. Mazda er japönsk gæðavara. Kauptu örugga vöru. Komdu í Brimborg.

**Fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi**
Brimborg er vottaður þjónustuaðili Mazda á Íslandi. Sérfræðingar Mazda hjá Brimborg tryggja öryggi þitt með reglubundnu eftirliti og viðhaldi á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Brimborgar í dag. Vertu Mazda.




## Skoðaðu búnaðinn í Mazda2 Advance

**Öryggi**
- Öryggispúðar í stýri og mælaborði
- Öryggispúðar í hliðum framsæta
- Öryggispúðatjöld í hliðum
- 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum
- ISO-fix barnabílstólafestingar
- ESP stöðugleikastýrikerfi
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- Styrktarbitar í hurðum
- Hæðarstillanleg öryggisbelti í frams.
- Hemlaljós í afturrúðu
- Ræsitengd þjófavörn

**Utan**
- Fjarstýrð samlæsing
- Samlit hurðarhandföng
- Samlitir hliðarspeglar
- Krómaður stútur á pústi
- Rafdrifnir speglar

**Sæti**
- Tauáklæði
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Hiti í framsætum
- Fjölstillanlegt ökumannssæti

**Hljómtæki**
- Útvarp
- Tengi fyrir iPod og MP3 spilara
- Geislaspilari
- 4 hátalarar
- MP3 spilari
- Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki

**Innrétting**
- Glasahaldarar frammí
- Bæði sólskyggni með snyrtispegli
- Ljós í farangursrými
- Klukka
- Inniljós með dimmingu
- Farangurshlíf
- Teppi á gólfi

**Stjórntæki**
- Loftkæling
- Frjókornasía í miðstöð
- Rafdrifnar rúður að framan
- Hæðarstillanlegt stýri
- Rafdrifið vökvastýri

Nýttu þér gott verð á Mazda2 Advance í dag

**Persónuleg fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi**
Frábærir aksturseiginleikar - Fyrirmyndarþjónusta - Gott endursöluverð - Lág bilanatíðni - Hagstætt þjónustuverð - Frítt í stæði - Japönsk gæði - Frábærir í endursölu

**Losnaðu við þann gamla í dag**
Núna er tækifærið að losna við þann gamla og fá sér nýjan Mazda.

**Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 Reykjavík eða Tryggvabraut 5 Akureyri**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

*Miðað við óverðtryggðan grænan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl að verðmæti 850.000 kr. Brimborg og Mazda áskilja sér að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Úbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

## SUMARFRÍIÐ



*„Ég ætla að leggja land undir fót og fara til Egilsstaða í foreldrahús, skella mér síðan á Vopnafjörð og loks heimsækja Húsavík City. Restinni af fríinu ætla ég að eyða í höfuðborginni og hafa það huggulegt.“*

Guðrún Dís Emilsdóttir, útvarpskona.

# Endalaust myrkur frekar en lyftingar

„Ég hef aldrei verið jafn spenntur eða ánægður með neitt á ævinni,“ segir Rúnar Geirmundsson, nýr meðlimur þungarokkshljómsveitarinnar Endless Dark.

Rúnar er nýkominn úr vikulangri tónleikaferð með sveitinni um landið þar sem hann var óvænt tekinn inn í bandið. „Þeir ákváðu að taka mig með í túrinn til að létta álagið á aðalsöngvaranum. Ég söng með honum á öllum tónleikunum og svo buðu þeir mér bara að verða formlegur meðlimur,“ segir Rúnar, sem mun syngja við hlið núverandi söngvara, Viktors, héðan af.

Daginn eftir að strákarnir komu heim úr ferðinni fór Rúnar og hitti húðflúrarann sinn og fékk sér Endless-húðflúr á handarjaðarinn, en allir meðlimir hljómsveitarinnar skarta því. Svo hann hefur ekki þurft að taka sér neinn tíma til að hugsa sig um áður en hann tók tilboðinu? „Alls ekki, mér finnst þetta þvílíkur heiður og ég ætla bara *all in*,“ segir hann.

Hljómsveitarmeðlimirnir eru þekktir fyrir útlit sitt, en þeir taka ímynd rokkarans alla leið og eru allir vel skreyttir húðflúri. Þeir eru allir frá Ólafsvík og Grundarfirði og hafa þekkst frá barnæsku. „Við spiluðum nokkrir fótbolta saman þegar við vorum yngri og svona,“ segir Rúnar.

Rúnar hefur verið öflugur í kraftlyftingum undanfarin ár og spurður hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að rokkaralífið taki sinn toll af íþróttamennskunni segist hann alveg til í að fórna henni. „Ég er búinn að vinna nokkurn veginn allt sem hægt er að vinna í kraftlyftingum svo það er bara tími til að einbeita sér að einhverju öðru,“ segir hann. Hann tekur þátt í heimsmeistarakeppni í nóvember og hyggst leggja lóðin á hilluna eftir það. **- trs**



**VEL HÚÐFLÚRAÐUR** Hér má sjá nýjasta húðflúr Rúnars, orðið Endless á handarjaðrinum. Allir meðlimir Endless Dark skarta þessu húðflúri, en þeir eru þekktir fyrir vel flúraða skrokka.



**99% Á ÍSLANDI** Anna G. Magnúsdóttir hjá kvikmyndafélaginu Hughrifum er framleiðandi sænsku myndarinnar Hemma, sem verður tekin upp hér á Íslandi frá og með morgundeginum.

# Leggja undir sig Eyrarbakka

„Myndin verður tekin upp 99% á Íslandi og þá aðallega á Eyrarbakka, en þó aðeins í Reykjavík líka,“ segir Anna G. Magnúsdóttir, framleiðandi sænsku myndarinnar Hemma.

Sögusvið myndarinnar hefst í Svíþjóð en flyst svo yfir í eigin heim aðalpersónanna. „Það er aldrei talað um að þetta sé Ísland heldur er þetta meira þeirra hugarheimur,“ segir Anna. Öll aðalhlutverkin eru í höndum Svía en talsvert margir íslenskir leikarar koma þó við sögu í myndinni og margir þeirra í talandi aukahlutverkum. „Myndin er samt tekin upp á sænsku,“ segir Anna og bætir við að hún verði textuð á ensku. Eyrarbakki er ekki stór staður og spurð hvort tökuliðið sé ekki búið að yfirtaka bæinn algjörlega hlær Anna. „Við erum með okkar bækistöðvar hér á Gónhóli, í gömlu frystihúsi sem var gert upp, og við erum svo heppin að það er ótrúlega mikið af hæfileikaríku fólki af öllum sviðum hér á Bakkanum sem leggur dag við nótt til að hjálpa okkur að hrinda þessu í gegn,“ segir hún.

Sænska framleiðslufyrirtækið Little Big Productions er aðalframleiðandi myndarinnar og íslenska kvikmyndafélagið Hughrif er meðframleiðandi. Upptökur hefjast á morgun og er reiknað með að þær taki um fimm vikur. Athygli vekur að hin árlega Aldamótahátíð verður haldin á Eyrarbakka helgina 10. til 12. ágúst en Anna segir hana þó ekki spila rullu í myndinni. „Það verður bara gaman fyrir okkur að fá að skemmta okkur á hátíðinni með öllum hinum,“ segir hún og hlær. Reiknað er með að myndin verði tilbúin snemma árs 2013. **- trs**

KJARTAN DAGUR HOLM: ÞETTA LÍTUR ALLT MJÖG VEL ÚT

# Kjartan spilar fyrir Kjartan í tónleikaferð Sigur Rósar

„Við erum að gera okkar besta til að fylla í skarðið fyrir Kjartan á þessum túr,“ segir Kjartan Dagur Holm sem spilar fyrir nafna sinn á tónleikaferðalagi Sigur Rósar en sveitin fer út næstkomandi sunnudag.

Ævintýrið hefst á tónleikum í Fíladelfíu í Bandaríkjunum 29. júlí. Í maí síðastliðnum við útgáfu plötunnar Valtari var tilkynnt að Kjartan Sveinsson væri ekki hættur í hljómsveitinni en yrði fjarri góðu gamni í komandi tónleikaferð. Ævintýrið stendur út árið og fram eftir því næsta. „Ég og Ólafur Björn Ólafsson, sem var til dæmis með Jónsa á hans túr á píanói, munum ferðast með þeim í einhvern tíma,“ segir hann og tekur fram að Kjartan hafi verið afar liðtækur meðlimur og spilað á gítar sem og píanó og sungið: „Ég verð aðallega á gítar en stekk á það sem þarf hverju sinni.“

Kjartan er mikill aðdáandi Sigur Rósar og þekkir lögin vel. Hann er þó miklu meira en aðdáandi því hann er tengdur sveitinni fjölskylduböndum. „Ég og Goggi erum bræður,“ segir hann og á við Georg Holm, bassaleikara. Jafnframt er Kjartan meðlimur hljómsveitarinnar For a Minor Reflection sem hlotnaðist sá heiður að hita upp fyrir Sigur Rós í þrjár vikur í nóvember árið 2008.

Þetta er þó mun stærra batterí og hefur hann setið við að læra réttu gripin og nóturnar. „Við erum búnir að hittast núna í smá tíma og æfa. Þetta lítur allt mjög vel út og ég held að þetta verði voða flott hjá þeim,“ segir hann spenntur.

Aðspurður hve stóran þátt tónlist spili í lífi hans svarar hann: „Ég svo sem veit það ekki, þetta verður það sem tekur við næstu mánuðina. Ég hef alltaf verið í For a Minor Reflection og að sjálfsögðu hefur maður verið í skóla og dagvinnu en auðvitað er draumurinn að geta gert bara þetta, sjáum til hvenær það gerist,“ segir hann. Fyrrnefnd hljómsveit hans heldur tónleika á föstudaginn á Faktorý til að kveðja áður en Sigur Rós heldur á heimsflakk með hinum nýja Kjartani.

**hallfridur@frettabladid.is**



**NÝR KJARTAN** „Ég verð aðallega á gítar en stekk á það sem þarf hverju sinni,“ segir Kjartan Dagur Holm sem heldur næsta sunnudag í tónleikaferð með Sigur Rós.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






# Heldur ljóðasamkeppni meðal útigangsmanna í Reykjavík

Alma Rut Lindudóttir, áfengis- og vímuefnaráðgjafi, hefur efnt til ljóðasamkeppni meðal útigangsmanna í Reykjavík. Bestu ljóðin verða birt í ljóðabók sem Alma Rut hyggst gefa út og verður ágóði af sölu hennar nýttur í endurbætur á gistiskýlinu við Spítalastíg.

Bókin er að sögn Ölmu Rutar nánast tilbúin og inniheldur ljóð eftir hana sjálfa, Loft Gunnarsson og fyrrverandi kærustu Lofts, Tinnu Óðinsdóttur. Bókin er tileinkuð Lofti, sem var góður vinur Ölmu, og er unnin í samstarfi við fjölskyldu hans.

„Mamma hans fann ljóð í dótinu hans sem var ætlað Tinnu en hún hafði aldrei fengið, þetta ljóð er á meðal þeirra sem verða í bókinni, ásamt ljóðum frá Tinnu til Lofts. Það eru líka nokkur ljóð eftir mig og svo ljóð frá útigangsmönnunum sjálfum. Ágóðinn af sölu bókarinnar fer svo í að lappa upp á gistiskýlið á Spítalastíg,“ útskýrir Alma Rut og bætir við að hún ætli að kaupa nýjar sængur og gardínur í skýlið.

Innt eftir því af hverju henni sé svo í mun að bæta gistiaðstöðu útigangsmanna segir Alma að hún hafi alltaf fundið fyrir þörfinni að hjálpa þeim sem minna mega sín. „Ég hef fundið fyrir þessari þörf alveg frá því ég var lítil stelpa. Ég kynntist svo þessu fólki þegar ég vann niðri í miðbæ og síðan þá hef ég barist fyrir bættum lífskjörum þeirra. Ég hef átt fundi með borgarstjóra og ýmsum nefndum og bent á þörfina fyrir nýtt gistiskýli í Reykjavík.“

Henni hafa borist mörg ljóð frá hinum og þessum útigangsmönnum og þó sum séu ekki birtingarhæf eru flest þeirra falleg og því verður erfitt verk að velja þau bestu. „Við vonum að bókin fari í prentun í ágúst svo við getum komið henni í dreifingu sem fyrst. Mér finnst bókin mjög falleg og sérstök og ljóðin eru öll sönn,“ segir Alma Rut að lokum. Skilafrestur rennur út þann 1. ágúst. **- sm**



**GEFUR ÚT LJÓÐABÓK** Alma Rut Lindudóttir, áfengis- og vímuefnaráðgjafi, hefur efnt til ljóðasamkeppni meðal útigangsmanna. Hún hyggst gefa út ljóðabók og rennur ágóði af sölu hennar í endurbætur á gistiskýlum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

www.dominos.is sími 58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000 KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu
Nánar á **dominos.is/app**

GÆÐI ALLA LEIÐ!



**Kjúklingabaka:** Léttbotn, græn paprika, minni sósa, minni ostur, laukur, kjúklingur og sveppir

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Noah að fara af stað

Upptökur á stórmyndinni Noah hefjast í næstu viku og eru stjörnurnar því farnar að flykkjast til landsins. Russel Crowe lenti á Reykjavíkurflugvelli í gærkvöldi og **Jennifer Connelly** er væntanleg um helgina, en bæði fara þau með stór hlutverk í myndinni. Fjölskyldur beggja stjarnanna verða með þeim á landinu en Jennifer á þrjú börn á aldrinum eins til fimmtán ára og Russel tvo syni, fimm og átta ára. Líklegt er að Emma Watson, sem fer einnig með eitt aðalhlutverkið í myndinni, lendi hér öðru hvoru megin við helgina.



### Saknar grínsins

Meira af stórmyndinni Noah, því leikstjóri myndarinnar, **Darren Aronofsky**, er í raun lentur á Íslandi og undirbýr nú tökur á myndinni. Hann auglýsti á Twitter-síðu sinni í gær að það eina sem slæmt væri við að fljúga til Íslands væri að missa af fjórum útgáfum af gamanþættinum Louie. Þar fer grínistinn Louis C.K. á kostum með sinn súra húmor. Aronofsky hlýtur því að vera áhugamaður og reglulegur áhorfandi ef þetta er það eina sem Íslandsförin heftir að hans dómi. Hann hefur sjálfur ekki verið þekktur fyrir að gera mörg gamanverk en áður hefur hann gert myndir eins og Black Swan, The Fighter, The Wrestler og Requiem for a Dream.

**- hþt, bþh**



### Mest lesið vísir

1. Hnoðaði lífi í ókunnuga konu á bílaplani
2. Ég er bara ánægður að hafa komið einhverjum...
3. Endurheimti bíl sinn eftir 40 ár
4. Fjórir grunaðir um að hafa brotið gegn konu...
5. CNN: Þríhnjúkagígur er staður sem fólk verður...





